

SKÝRSLA
NEFNDAR UM ENDURSKOÐUN
Á LÁNASTARFSEMI
BYGGÐASTOFNUNAR


Reykjavík
Júlí 2011

Skýrsla nefndar um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar

Fr. iðnaðarráðherra
Katrín Júlíusdóttir
Arnarhváli
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. júlí 2011

Hjálögð er skýrsla nefndar, sem þér skipuðuð hinn 16. febrúar 2011, til að gera tillögur að framtíðarfyrirkomulagi á lánastarfsemi Byggðastofnunar. Skýrsluna höfum við nefnt: "Skýrsla nefndar um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar". Í henni er m.a. að finna tillögur um stefnumótun stjórnar og eigenda Byggðastofnunar, tillögur um heildarendurskoðun laga og reglugerðar um stofnunina og tillögur varðandi efnahagsreikning stofnunarinnar.




Gunnar Svavarsson



Anna Kristín Gunnarsdóttir



Sturla Böðvarsson



Herdís Á. Sæmundardóttir



Finnbogi Víkar



Lárus Á. Hannesson



Valgerður Bjarnadóttir

Efnisyfirlit

I INNGANGUR	4
II TILLÖGUR NEFNDARINNAR	6
II.1 Heildarendurskoðun laga og reglugerðar út frá hlutverki Byggðastofnunar.	6
II.2 Stefnumörkun stjórnar og eigenda Byggðastofnunar.	7
II.3 Núverandi efnahagsreikningur Byggðastofnunar.	8
III GREINARGERÐ	10
III.1 Samráð við starfsmenn Byggðastofnunar og sérfræðinga.	10
III.2 Samráð við fjármálafyrirtæki.	12
III.3 Sérfræðiskýrsla Capacent.	12
IV FYLGISKJÖL 1-9	

I INNGANGUR

Hinn 16. febrúar 2011 skipaði iðnaðarráðherra nefnd sem var ætlað að gera tillögur um framtíðarfyrirkomulag á lánastarfsemi Byggðastofnunar. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir m.a.: „Nefndinni er falið að skoða þau ákvæði laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun sem fjalla um lánastarfsemi stofnunarinnar m.t.t. þeirra breytinga sem orðið hafa á fjármáلامarkaði undanfarin misseri og leggja mat á það hvort tilefni er til að gera breytingar á þeim ákvæðum. Einnig verði metið hvort tilefni er til breytinga á lögnum vegna þess að eigið fé stofnunarinnar hefur ítrekað farið niður fyrir lög bundið 8% lágmark. Jafnframt verði ákvæði um lánastarfsemi Byggðastofnunar í reglugerð nr. 347/2000, um Byggðastofnun skoðuð m.t.t. sömu atriða.“

Í nefndinni áttu sæti Gunnar Svavarsson formaður, Anna Kristín Gunnarsdóttir, fulltrúi stjórnar Byggðastofnunar, Valgerður Bjarnadóttir, fulltrúi Samfylkingarinnar, Herdís Á. Sæmundardóttir, fulltrúi Framsóknarflokksins, Lárus Hannesson, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, Sturla Böðvarsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins og Finnbogi Vikar, fulltrúi Hreyfingarinnar. Nefndinni til aðstoðar voru þrír sérfræðingar: Egill Tryggvason, viðskiptafræðingur í fjármálaráðuneyti, Guðrún Þorleifsdóttir, lögfræðingur í iðnaðarráðuneyti og Valgerður Rún Benediktsdóttir, lögfræðingur í efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Starfsmaður nefndarinnar var Hjálmar Stefán Brynjólfsson, lögfræðingur.

Nefndin hafði í starfi sínu til hliðsjónar gildandi lög um Byggðastofnun, nr. 106/1999, en þar segir í 1. mgr. 2. gr. um hlutverk Byggðastofnunar: „Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni.“ Í 2. mgr. 2. gr. laganna segir: „Í samræmi við hlutverk sitt vinnur stofnunin að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra.“ Nefndin hafði jafnframt í starfi sínu til hliðsjónar reglugerð um Byggðastofnun nr. 347/2000 og verklagsreglur Byggðastofnunar um útlánastarfsemi, fjármála- og eignaumsýslu. Nefndin fundaði með fjölda sérfræðinga og óskaði að auki eftir gögnum, þ.m.t. sérfræðiskýrslu um áhættumat Byggðastofnunar og gengisáhættu í rekstri stofnunarinnar. Skýrslan er meðfylgjandi sem fylgiskjal 4 við þessa greinargerð.

Skýrsla nefndar um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar

Í fjárlögum fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir 1.000 milljóna króna framlagi til stofnunarinnar að fenginni þeirri greinargerð sem hér liggur fyrir. Byggðastofnun hlaut einnig framlag á fjárukalögum árið 2009 og fjárlögum árið 2010 alls að upphæð 3.600 milljónum króna, til að koma eiginfjárhlutfalli stofnunarinnar yfir lögboðið lágmark fjármálafyrirtækja í samræmi við 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Frekari framlög ríkissjóðs til reksturs Byggðastofnunar námu 365,7 milljónum króna skv. fjárlögum ársins 2010 en að auki kom til annað framlag frá ríkissjóði á árinu 2010 að upphæð 49,2 milljónir króna.

Þann 16. mars 2011 veitti Fjármálaeftirlitið Byggðastofnun frest til 16. september 2011 til að koma eiginfjárgrunni stofnunarinnar yfir lögbundin mörk, sbr. 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Nefndin kom saman til 6 funda frá febrúar 2011 til maí 2011.

Starf nefndarinnar fólst í ítarlegri greiningu á núverandi stöðu og starfsemi Byggðastofnunar, með sérstöku tilliti til lánastarfsemi stofnunarinnar. Haft var samráð við starfsmenn Byggðastofnunar, sérfræðinga sem komið hafa að málum hennar, sérfræðinga sem vinna með málefni tengd henni og fjármálafyrirtæki á landi. Að þeirri vinnu lokinni voru meðfylgjandi tillögur mótaðar með hliðsjón af því hlutverki sem nefndinni var ætlað.

Fjöldi gagna var lagður fram á fundum nefndarinnar (sjá fylgiskjal 9).

II TILLÖGUR NEFNDARINNAR

II. 1 Tillögur varðandi heildarendurskoðun laga og reglugerðar út frá hlutverki Byggðastofnunar

- Nefndin telur að enn sé þörf á starfsemi Byggðastofnunar eins og hún er afmörkuð í 1. mgr. 2. gr. núgildandi laga. Þótt eftirspurn eftir lánsfé frá Byggðastofnun hafi verið í sögulegu lágmarki á árinu 2010, var hins vegar mikil eftirspurn eftir lánsfé stofnunarinnar árið 2008. Undanfarin ár hafa einkennst af sveiflum og óvissu, og því gefa síðastliðin þrjú ár ekki rétta mynd af starfsemi stofnunarinnar. Endurskoðun á 11. gr. laga um Byggðastofnun mun ekki ein og sér ná fram því meginmarkmiði sem stefnt er að, að Byggðastofnun sem fjármálafyrirtæki viðhaldi eiginfjárgrunni sínum. Því er mikilvægt að iðnaðarráðherra endurskoði í heild lög og reglugerð um Byggðastofnun, og á slík endurskoðun að fela í sér virkari eigendastefnu ríkisins en verið hefur hvað stofnunina snertir.

Tillaga: Nefndin leggur til að lög og reglugerð um Byggðastofnun verði endurskoðuð í heild út frá starfsemi Byggðastofnunar, en ekki einungis út frá lánastarfsemi stofnunarinnar.

- Nefndin telur að við heildarendurskoðun laga um Byggðastofnun þurfi að hafa hliðsjón af því meginhlutverki stofnunarinnar að stuðla að árangursríkri byggðaðþróun, m.a. með veitingu lána og ábyrgða, og athuga hvort slíkt geti yfir höfuð samræmst því hlutverki Byggðastofnunar að starfa sem fjármálafyrirtæki í skilningi laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Nefndin telur hæpið að þessi hlutverk samræmist.

Tillaga: Nefndin leggur til að athugað verði hvort Byggðastofnun geti verið undanskilin þeim kröfum sem gerðar eru til eiginfjárhlutfalls fjármálafyrirtækja sbr. lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

- Í fyrirkomulagi sambærilegra stofnana hjá nágrannaþjóðum er gert ráð fyrir áhættu og tapi í útlánum og að stofnanir nái ekki að varðveita eigið fé sitt. Núverandi krafa í lögum um eiginfjárhlutfall stofnunarinnar og varðveislu eigin fjár setur stofnuninni hins vegar skýr mörk og því þarf vaxtastig að vera hátt m.t.t. fjármögnunar á áhættusamari verkefnum. Þetta skapar ákveðna þverstæðu í starfsemi Byggðastofnunar. Sérstakur tekjustofn af hálfu ríkisins til að tryggja Byggðastofnun auknar sértekjur, m.a. út frá þeim lánveitingum Byggðastofnunar sem vel hafa tekist, mætti hugsanlega nýta til vaxtaniðurfærslu.
- **Tillaga:** Nefndin leggur til að fjármögnun stofnunarinnar verði tekin til endurskoðunar í ljósi niðurstöðu á heildarendurskoðun á lögum og stefnu Byggðastofnunar.

II. 2 Tillögur varðandi stefnumörkun stjórnar og eigenda Byggðastofnunar

- Stjórn og stjórnendur Byggðastofnunar þurfa að endurskoða núverandi stefnu stofnunarinnar með hliðsjón af breytingum sem gerðar verða á lögum um stofnunina. Slík stefnumörkun getur verið unnin samhliða lagabreytingum vegna heildarendurskoðunar á starfsemi Byggðastofnunar.

Tillaga: Stjórn Byggðastofnunar endurskoði núverandi stefnu Byggðastofnunar í ljósi lagabreytinga vegna heildarendurskoðunar á starfsemi stofnunarinnar.

- Samkvæmt 11. gr. laga um Byggðastofnun getur stofnunin veitt lán eða ábyrgðir í samræmi við hlutverk sitt. Heimild til að veita ábyrgðir nýtir hún í litlum mæli. Ef hætta á útlánastarfsemi stofnunarinnar eru aðrar leiðir mögulegar til að fjármagna fyrirtæki á landsbyggðinni, s.s. niðurgreiðsla vaxta á lánum sem önnur fjármálafyrirtæki veita. Einnig getur stofnunin tekið ákvarðanir um hlutafjárkaup og þátttöku í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélögum sbr. 8. tölul. 1. mgr. 4. gr. Þótt lánastarfsemi hafi verið meginþáttur í fjármögnunarstarfsemi stofnunarinnar, býr Byggðastofnun yfir þekkingu og heimildum til að fjármagna atvinnulíf landsbyggðarinnar með öðrum hætti en verið hefur. Í ljósi þeirra breytinga sem nýskipan fjármálakerfisins felur í sér, þarf endurskoðun laga um Byggðastofnun og stefna stjórnar Byggðastofnunar að taka til möguleika á samvinnu við önnur fjármálafyrirtæki og beitingar annarra fjármögnunarleiða en núverandi lánastarfsemi.

Tillaga: Stjórn Byggðastofnunar og eigendur taki til skoðunar hvort beita skuli ábyrgðum í frekari mæli en gert hefur verið, og hvort samvinna við fjármálafyrirtæki feli í sér hagræðingu fyrir stofnunina.

- Hægt er að efla stofnunina og jafnframt hagræða með því að huga að samþættingu og samræmingu líkra og ólíkra aðila innan ríkiskerfisins sem sjá um byggðapróunarmál. Endurskoðun á lagaumhverfi Byggðastofnunar skapar einnig færi á að fela Byggðastofnun önnur verkefni sem gætu auðveldað samræmingu og heildarmynd af þróun og framtíðarsýn í byggðamálum. Kanna þarf enn frekar samlegðaráhrif við önnur fjármálafyrirtæki og hlutverk Byggðastofnunar á fjármálamarkaði. Í þessu tilliti þarf að kanna betur möguleika á að sameina fjármálastarfsemi Byggðastofnunar við starfsemi sparisjóðanna í kjölfar endurskipulagningar á sparisjóðakerfinu, sem og samstarf við sjóði á borð við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins eða Frumtak.

Tillaga: Stjórn Byggðastofnunar og eigendur taki til skoðunar hvort samvinna við fjármálafyrirtæki feli í sér hagræðingu fyrir stofnunina. Jafnframt verði hugað að því hvort samræming líkra og ólíkra aðila innan ríkiskerfisins sem sjá um byggðapróunarmál efla starfsemi stofnunarinnar.

- Við nýskipan fjármálakerfisins skiptir verulega máli að hlutverk og verkefni Byggðastofnunar á fjármálamarkaði stangist ekki á við samkeppnislöggjöf. Við heildarendurskoðun á starfsemi Byggðastofnunar þarf því staða Byggðastofnunar gagnvart öðrum fjármálafyrirtækjum að vera skýr. Samstarf stofnunarinnar við önnur

Skýrsla nefndar um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar

fjármálafyrirtæki, t.d. með veitingu ábyrgða, kann að veita Byggðastofnun skýran grundvöll sem styrkist af því að efasemdir varðandi samkeppnissjónarmið hafi ekki áhrif á starfsemi stofnunarinnar.

Tillaga: Stjórn Byggðastofnunar og eigendur tryggi að starfsemi Byggðastofnunar stangist ekki á við samkeppnislöggjöf.

II. 3 Tillögur varðandi núverandi efnahagsreikning Byggðastofnunar

- Hlutverk Byggðastofnunar er ekki fasteignaumsýsla. Á síðasta ári leysti stofnunin til sín 14 fullnustueignir. Rekstur þessara eigna er stofnuninni þungbær og hefur áhrif á eiginfjárlutfall þess. Vegna þessa þurfa aðrir aðilar að geta tekið yfir fasteignir sem stofnunin eignast s.s. Fasteignir ríkisins eða sérstakt félag stofnað utan um fullnustueignirnar.

Tillaga: Tryggja þarf að fasteignir sem stofnunin eignast m.a. við fullnustukröfur séu yfirteknar af öðrum aðilum s.s. Fasteignum ríkisins eða sérstöku félagi.

- Fjárfestingar Byggðastofnunar í eignarhaldsfélögum og hlutafélögum þurfa stöðugt endurskoðunar við. Mikilvægt er að tryggja að ákvarðanir um fjárfestingar stofnunarinnar séu ætíð teknar með hliðsjón af lögbundnu hlutverki Byggðastofnunar og þannig tryggt að áherslum stofnunarinnar sé viðhaldið við eignarhaldið. Efnahagsreikningur Byggðastofnunar felur m.a. í sér eignarhlut í s.k. eignarhaldsfélögum, sem sum hver fela í sér litla starfsemi og skila stofnuninni litlum arði. Meta þarf ávinning af umræddum félögum fyrir stofnunina og byggðalegt mikilvægi þeirra.

Tillaga: Eignarhlutur Byggðastofnunar í s.k. eignarhaldsfélögum verði tekinn til gagn Gerrar athugunar og hlutafé fært inn í ársreikning í samræmi við þá athugun.

- Nokkuð gott samræmi er á milli áhættuflokkunar og vanskila. Þannig er hlutfallslega meira um vanskil á lánum sem flokkuð hafa verið sem áhættumikil lán en vegna annarra lána. Hins vegar má færa rök fyrir því að framlög í varasjóð hafi verið umtalsvert umfram það sem nauðsynlegt var, ef tekið er mið af endanlega afskrifuðum lánum. Ef framlag stofnunarinnar í varasjóðinn væri nær endanlega afskrifuðum lánum á hverju ári, væri eiginfjárlutfall stofnunarinnar hærra.

Tillaga: Nefndin leggur til að athugað verði hvort nýjar aðferðir við áhættumat sem taka betur mið af endanlega afskrifuðum útlánnum Byggðastofnunar á hverjum tíma, dragi úr færslum í varasjóð stofnunarinnar.

- Útlán Byggðastofnunar eru í verðtryggðum og óverðtryggðum íslenskum krónum (ISK), í japönskum jenum (YEN), bandaríkjadollar (USD) og evrum (EUR). Að teknu tilliti til lánstíma og væntra afskrifta (framlaga í varasjóð) verður nokkurt misvægi í

Skýrsla nefndar um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar

fjármögnun og lánveitingum eftir myntum. Almenna reglan um lánveitingar og lántökur Byggðastofnunar ætti að vera að viðskipti stofnunarinnar séu eingöngu í íslenskum krónum. Þó hagkvæmt geti verið fyrir einstaka lántakendur að fá lán í erlendri mynt og slíkt myndi takmarka áhættu lántakenda, eykur það áhættu í starfsemi stofnunarinnar, ekki síst í þeim tilvikum þegar um vanskil er að ræða. Vegna þessa ætti fjármögnun stofnunarinnar fyrst og fremst að vera í íslenskum krónum.

Tillaga: Nefndin leggur til að fjármögnun Byggðastofnunar verði tekin til endurskoðunar í ljósi niðurstöðu á heildarendurskoðun á lögum og stefnu stofnunarinnar þannig að gengisáhætta hafi ekki áhrif á rekstur hennar.

III GREINARGERÐ

III. 1 Samráð við starfsmenn Byggðastofnunar og sérfræðinga

Nefnd um framtíðarfyrirkomulag á lánastarfsemi Byggðastofnunar fundaði með fjölda sérfræðinga þann tíma sem unnið var að endurskoðun lánastarfsemi stofnunarinnar. Á fundi með stjórnendateymi Byggðastofnunar, Magnúsi Helgasyni, Elínu Gróu Karlsdóttur og Aðalsteini Þorsteinssyni, var starfsemi stofnunarinnar kynnt. Rýnt var í lykiltölur úr ársreikningi stofnunarinnar fyrir árið 2010 og úr afskriftarreikningi stofnunarinnar. Tap ársins nam 2.648 milljónum króna og er eiginfjárhlutfall Byggðastofnunar neikvætt um 2,4% eftir rekstrarárið 2010. Fram kom á fundinum að framlög á afskriftareikning Byggðastofnunar eru 5.846 milljónir króna fyrir árin 2009 og 2010. Þar af eru 3.071 milljón króna endanlega töpuð, en 2.641 milljón króna þar af eingöngu vegna ársins 2010. Fasteignir sem Byggðastofnun hefur tekið yfir vegna skulda eru 14.

Fjallað var um afskriftir á árunum 2009-2010 en lánveitingar til sparisjóða á landsbyggðinni sem urðu gjaldþrota við bankahrunið, sem og lánveitingar til fyrirtækja sem unnu við rækjuvinnslu og –veiðar hafa höggvið stórt skarð í efnahag Byggðastofnunar. Nokkuð var fjallað um eftirspurn eftir lánsfé sem hefur reynst lítil undanfarið ár, en heildarlánveitingar ársins 2010 voru um 491 milljón króna.

Elín Gróa Karlsdóttir lánasérfræðingur Byggðastofnunar kynnti starfsemi Vækstfonden í Danmörku og Finnvera í Finnlandi, en vísað er til starfsemi umræddra sjóða sem nýrra fjármögnunartækja í skýrslu starfshóps um lánastarfsemi Byggðastofnunar frá í janúar 2011. Í máli hennar kom fram að sjóðirnir hefðu ekki beina styrki til úthlutunar, heldur niðurgreiðslu vaxta og aðrar aðferðir. Á það var bent að starfsemi sjóðanna kynni að vera óheppileg til samanburðar við Ísland, þar sem bæði löndin eru í Evrópusambandinu. Vegna þessa var sambærileg kynning á starfsemi byggðasjóðs í Noregi fengin, *Innovasjon Norge*, þar sem Noregur er ekki aðili að ESB. *Innovasjon Norge* veitir bæði lán og ábyrgðir.

Að mati Árna Snæbjörnssonar endurskoðanda hjá Ernst og Young eru þrjú mál varhugaverð fyrir Byggðastofnun. Í fyrsta lagi gjaldeyrisjöfnuður, en stofnunin skuldar háar fjárhæðir í öðrum gjaldmiðlum. Í öðru lagi sú áhætta sem felst í eðli lánveitingua

Skýrsla nefndar um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar

stofnunarinnar, en í ljósi hennar mun Byggðastofnun þurfa á áframhaldandi stuðningi að halda frá ríkissjóði. Í þessu sambandi þarf eigandi Byggðastofnunar að gera upp við sig hvort stofnunin eigi að halda áfram lánveitingum á svæðum sem aðrar lánastofnanir veita ekki lán, með tilheyrandi áhættu fyrir stofnunina og eigandann. Í þriðja lagi þyrfti að hafa í huga að eignarhlutir í félögum væri stór eignapóstur sem ekkert gæfi af sér, og vék hann sérstaklega að eignarhaldsfélögum, en bókfært virði þeirra er um 300 milljónir í ársreikningi Byggðastofnunar fyrir árið 2010. Við endurskoðun ársreiknings Byggðastofnunar var farið yfir mat á eignarhlutum í félögum, og leiddi sú skoðun í ljós ofmat í Hvíldarkletti ehf. fyrir um 22,5 milljónir króna og var gerð leiðrétting vegna þessa í ársreikningi. Að öðru leyti var ekki gerð athugasemd við mat á eignarhlutum í ársreikningi Byggðastofnunar. Í máli Árna kom jafnframt fram að ef eigandi Byggðastofnunar væri annar en íslenska ríkið hefði hann gert neikvæða ábendingu við ársreikning stofnunarinnar.

Hrefna Gunnarsdóttir endurskoðandi hjá Ernst og Young fór yfir innri endurskoðun vegna 2010. Í máli Hrefnu kom fram að flestar úttektir á innri eftirlitsaðgerðum reyndust án frávika. Skilgreindar eftirlitsaðgerðir eru samtals 64 og voru þær allar prófaðar á árinu. Þrjár aðgerðir reyndust með frávikum, þar sem forstöðumaður lögfræðisviðs hafði skrifað undir 2 kaupsamninga vegna sölu á fullnustueignum, auk þess sem 2 reikningar voru ekki undirritaðir af bæði forstöðumanni rekstrarsviðs og forstjóra. Í máli Hrefnu kom fram að viðskiptavinir Byggðastofnunar þurfa ekki að uppfylla MiFID reglur.

Fjóla Björk Jónsdóttir formaður endurskoðunarnefndar Byggðastofnunar telur að ramma skorti um það hvert hlutverk Byggðastofnunar eigi að vera. Að hennar mati vantar fjármuni til að Byggðastofnun geti framkvæmt það sem henni ber skylda til reglum samkvæmt, auk þess sem stefnumótun vanti fyrir stofnunina. Hún telur jafnframt að áhættumat stofnunarinnar þurfi að vera með öðrum hætti. Starfsumhverfi Byggðastofnunar hafi verið mjög erfitt, og því miklar afskriftir núna. Að hennar mati er lykilsurning fyrir stofnunina hvort hún eigi að veita lánafyrirgreiðslu til fyrirtækja á stöðum með mikla áhættu, þar sem atvinna er bágborin. Ákveða þarf hvort sú starfsemi eigi að vera til staðar eða ekki. Grundvöllur starfseminnar er sá að tryggja fjármagn þar sem fjármagn er ekki í boði, því annars eigi atvinnuuppbygging sér ekki stað. Fjóla Björk telur lánveitingar Byggðastofnunar þurfa meira aðhald, og að stofnunin þurfi að geta tekið við afskriftum þegar þær koma, en það muni kosta og því þurfi að liggja fyrir hver kostnaðurinn megi vera.

Skýrsla nefndar um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar

III. 2 Samráð við fjármálafyrirtæki

Í starfi nefndar um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar var áhersla lögð á að kynna starfsemi nefndarinnar og að hafa samráð við fjármálafyrirtæki á landinu. Formaður nefndarinnar, Gunnar Svavarsson, og Egill Tryggvason, viðskiptafræðingur í fjármálaráðuneyti, funduðu í mars 2011 með Elínu Jónsdóttur forstjóra Bankasýslu ríkisins og Steinþóri Pálssyni bankastjóra Landsbankans vegna starfa nefndarinnar. Kynntar voru hugmyndir um samvinnu fjármálafyrirtækja við Byggðastofnun, sem fram komu í skýrslu starfshóps um lánastarfsemi Byggðastofnunar sem skilað var í janúar 2011. Áhugi á þessu máli reyndist dræmur, og töldu viðkomandi aðilar málið ekki heyra undir starfsemi umræddra ríkisstofnana. Jafnframt var óskað eftir tillögum um 20 fjármálafyrirtækja víðsvegar um landið, og vísað til skýrslu starfshópsins frá í janúar 2011. Óskað var eftir ábendingum eða tillögum vegna starfa nefndarinnar. Formaður nefndarinnar og starfsmaður útbjuggu kynningarbréf sem fylgir með þessari skýrslu (sjá fylgiskjöl 5-6).

Viðbrögð urðu margvísleg, sbr. fylgiskjal 7 við þessari skýrslu, sem er bréf Arion banka dags. 12. maí sl. Í bréfinu kemur fram að bankinn telji aðkomu ríkissjóðs að stofnuninni kunna að hafa í för með sér röskun á samkeppnisstöðu. Bankinn telur að ólíkar kröfur til fjármálastofnana um eigið fé geti haft í för með sér ójafnræði meðal fjármálafyrirtækja og ýtt undir óheilbrigða samkeppni. Fundað var með fulltrúum Íslandsbanka þann 19. maí, sem lýstu yfir áhuga á samstarfi við Byggðastofnun sem fælist í því að stofnunin veitti ábyrgðir á lán Íslandsbanka. Einnig var fundað með fulltrúum Sögu Fjárfestingarbanka sem lögðu fram tillögur um samstarf Sögu Fjárfestingarbanka, Byggðastofnunar og sparisjóðanna, þar sem Byggðastofnun annaðist ábyrgðir á lánveitingar, og yrði sparisjóðunum stoð ásamt Sögu Fjárfestingarbanka. Saga Fjárfestingarbanki myndi annast áhættustýringu og veitingu stoðþjónustu, t.a.m. á sviði upplýsingatækni. Greinargerð starfsmanna Sögu Fjárfestingarbanka er að finna í fylgiskjali 8. Í greinargerðinni kemur m.a. fram að stjórn Sambands íslenskra sparisjóða styðji hugmyndir Sögu.

III. 3 Sérfræðiskýrsla Capacent

Nefnd um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar lét í samráði við iðnaðarráðuneytið vinna fyrir sig sérfræðigreiningu á málefnum Byggðastofnunar. Talið var að aðkoma þriðja

Skýrsla nefndar um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar

aðila, sem fenginn væri til að rýna í afskriftarreikning Byggðastofnunar og þær aðferðir sem notast er við til að meta lán fyrirtækja sem fara á afskriftarreikning, væri gagnleg meðfram starfi nefndarinnar. Ákveðið var að fá Þröst Sigurðsson frá Capacent til að taka að sér vinnuna. Skýrsla hans fylgir með þessari greinargerð (fylgiskjal 4). Í skýrslunni kemur einnig fram mat á gengisáhættu sem rekstur stofnunarinnar felur í sér, sbr. athugasemdir Árna Snæbjörnssonar ytri endurskoðanda Byggðastofnunar.

Helstu ábendingar skýrslu Capacent eru þær að færð eru rök fyrir því að framlög á afskriftarreikning hafi verið umfram það sem nauðsynlegt var, ef tekið er mið af endanlega afskrifuðum lánum¹. Jafnframt er bent á að fyrirsjáanlegri kostnaðaraukningu Byggðastofnunar megi mæta með því að skipta tekjustofnum í tvo hluta. A hluti væri vaxtamunur hefðbundinna lána í samræmi við fjármögnunarþörf umsækjanda en B hluti væri tekjustofn sem fyrirtæki greiða ef afkoma rekstrar er umfram tiltekin mörk.

Í skýrslunni kemur einnig fram að almenna reglan um lánveitingar og lántökur Byggðastofnunar ætti að vera að viðskipti stofnunarinnar séu eingöngu í íslenskum krónum. Þó kann að vera hagkvæmt fyrir einstaka lántakendur að fá lán í erlendri mynt, og gæti takmarkað áhættu þeirra, en það eykur áhættu í starfsemi Byggðastofnunar. Í tilvikum sem lán eru veitt í erlendum gjaldmiðli væri ekki óeðlilegt að leggja sérstakt áhættuálag til að mæta þeirri áhættu.

¹ Athugasemd frá Byggðastofnun: „Stjórnendur Byggðastofnunar vekja athygli á því að á bls. 9 í skýrslunni er vikið að endanlegum afskriftum og framlag á afskriftarreikning. Til að forðast misskilning þá leggur Byggðastofnun áherslu á að verið er að meta virði lánasafnsins í framtíðinni, þ.e. hvers viði eru lánin og hverjar eru mögulegar endurheimtur á þeim. Framlög in í afskriftarreikninginn hverju sinni taka mið af því. Hverju sinni eru í yfirferð mál sem tak mið af stöðu hvers tíma. Endanlegar afskriftir ráðast því af lúkningu hvers máls fyrir sig. Þetta er sama verkaðferð og notuð er m.a. við mat á hlutabréfum og fasteignum.“

Skýrsla nefndar um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar

Sérálit Valgerðar Bjarnadóttur

Með eftirfarandi blæbrigðamun í áherslum tek ég undir niðurstöður og tillögur nefndarinnar.

Við endurskoðun á starfsemi Byggðastofnunar ber að líta til þess að starfseminni allri, ekki síst fjármálastarfseminni, gæti verið betur komið fyrir annars staðar eða í samvinnu við aðrar stofnanir eða sjóði sem starfræktir eru. Ef stofnunin á að starfa áfram sem fjármálafyrirtæki er óráðlegt að gera minni kröfur til hennar en annarra fyrirtækja af þeirri gerð.

Ráðlegast er að leita annarra leiða en hefðbundinnar lánastarfsemi á vegum ríkisins til að styðja við atvinnulíf á landsbyggðinni. Má nefna vaxtaniðurgreiðslu, hlutafjárframlög, styrki og ábyrgðir. Slík breyting mundi væntanlega kalla á árviss framlög úr ríkissjóði. Framlögin ætti að ákveða þrjú til fimm ár fram í tímann, en ekki tengja þau sérstökum tekjustofni. Með þessu móti lægi ljóst fyrir hve mikið fjármagn væri til ráðstöfunar til þessa málaflokks á hverju ári en tekjustofnar geta sveiflast til, sem getur skapað óvissu fram í tímann.

Skýrsla nefndar um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar

FYLGISKJAL 1

Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999.

1999 nr. 106 27. desember Lög um Byggðastofnun

Tóku gildi 1. janúar 2000. Breytt með l. 87/2009 (tóku gildi 20. ágúst 2009) og l. 123/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011).

I. kafli. Hlutverk og skipulag.

■ 1. gr. Yfirstjórn og staðsetning.

□ Byggðastofnun er sérstök stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

□ Iðnaðarráðherra ákveður staðsetningu Byggðastofnunar að fenginni tillögu stjórnar.

■ 2. gr. Hlutverk.

□ Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni.

□ Í samræmi við hlutverk sitt vinnur stofnunin að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir fongum vera í samstarfi við aðra.

□ Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknun. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Stofnunin getur einnig tekið þátt í gerð svæðisskipulags samkvæmt [skipulagslögum].¹⁾

¹⁾ L. 123/2010, 57. gr.

■ 3. gr. Ársfundur og stjórn.

□ Halda skal ársfund Byggðastofnunar fyrir 1. júlí ár hvert. Nánar skal kveðið á um ársfund í reglugerð.

□ Iðnaðarráðherra skipar á ársfundi sjö menn í stjórn Byggðastofnunar til eins árs í senn og sjö menn til vara. Iðnaðarráðherra skipar formann og varaformann og ákveður þóknun stjórnar.

□ Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða.

■ 4. gr. Verkefni stjórnar.

□ Verkefni stjórnar Byggðastofnunar eru:

1. Að ákveða starfsskipulag að því leyti sem það hefur ekki verið gert í reglugerð.

2. Að móta stefnu um helstu áherslur, verkefni og starfshætti og sjá til þess að henni sé framfylgt.

3. Að ákveða rekstrar- og starfsáætlun til eins árs í senn.

4. Að vinna að samstarfi við aðrar stofnanir og sjóði sem starfa að eflingu atvinnulífs í því skyni að samhæfa og gera atvinnuráðgjöf og stuðningsaðgerðir markvissar.

5. Að fjalla um áætlanir sem stofnunin vinnur að, svo og skýrslur um starfsemi hennar.

6. Að fjalla um og samþykkja ársreikning.

7. Að taka ákvarðanir um heildarlántöku, sbr. 15. gr.

8. Að taka ákvarðanir um hlutafjárkaup og þátttöku í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélögum.

9. Að setja reglur um lánakjör og fjármögnun verkefna.

10. Að taka ákvarðanir og setja reglur um lán- og ábyrgðarveitingar. Þá skal stjórn setja reglur um upplýsingagjöf til stjórnar um þau efni.

11. Önnur verkefni sem iðnaðarráðherra felur stjórn að vinna á sviði byggða- og atvinnumála.

■ 5. gr. Forstjóri.

□ Iðnaðarráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn að

fenginni tillögu stjórnar. [Kjararáð ákveður starfskjör forstjóra.]¹⁾

¹⁾ L. 87/2009, 7. gr.

■ 6. gr. Verkefni forstjóra.

□ Verkefni forstjóra Byggðastofnunar eru:

1. Að stjórna daglegum rekstri stofnunarinnar.

2. Að gera tillögur til stjórnar um:

a. starfsskipulag stofnunarinnar,

b. rekstrar- og starfsáætlun,

c. áherslur í starfsemi,

d. lántökur og heildarútlán,

e. reglur um lánakjör.

3. Að ráða stofnuninni starfsfólk.

4. Önnur verkefni sem honum eru falin af stjórn.

II. kafli. Starfsemi.

■ 7. gr. Byggðaaætlun.

□ Iðnaðarráðherra leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Áætlunin skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberra þjónustu í landinu.

□ Í byggðaaætlun skal gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í landinu.

□ Iðnaðarráðherra skal vinna að byggðaaætlun í samvinnu við Byggðastofnun. Við gerð byggðaaætlunar hafi iðnaðarráðherra samráð við önnur ráðuneyti, sveitarfélög og aðra aðila eftir þörfum.

□ Byggðaaætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti.

■ 8. gr. Rannsóknir á atvinnu- og byggðapróum.

□ Byggðastofnun vinnur að gagnasöfnun og rannsóknum og fylgist með atvinnu- og byggðapróum og helstu áhrifaþáttum hennar og árangri opinberra stuðningsaðgerða á sviði atvinnumála og byggðapróunar, jafnt á Íslandi sem í löndum þar sem svipaðar aðstæður eru. Stofnunin getur tekið þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og gert samninga við háskóla, rannsóknastofnanir og aðra um rannsóknir á þessu sviði.

■ 9. gr. Atvinnuráðgjöf.

□ Byggðastofnun skipuleggur og vinnur að ráðgjöf við atvinnulífið á landsbyggðinni í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra.

□ Stofnunin skal í samstarfi við þá aðila sem sinna atvinnuráðgjöf vinna að bættu skipulagi atvinnuráðgjafar og aukinni þekkingu ráðgjafa, m.a. í því skyni að gera ráðgjöfina markvissa og stuðla að betri nýtingu fjármuna.

□ Stofnunin getur gert samninga við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða landsvæði.

■ 10. gr. Fjármögnun verkefna.

□ Byggðastofnun veitir framlög til verkefna á sviði atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar. Stjórn stofnunarinnar ákveður verkefni og leitar eftir samstarfsaðilum um þau. Við umfjöllun um einstök verkefni getur stjórnin, ásamt samstarfsaðilum, sett á fót verkefnaneindir til ráðgjafar. Einnig er heimilt að fela atvinnuþróunarfélögum úthlutun fjár til einstakra verkefna.

■ 11. gr. Veiting lána og ábyrgða.

□ Byggðastofnun veitir lán eða ábyrgðir í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 2. gr.

Stjórn stofnunarinnar getur falið forstjóra að ákveða einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur, sbr. 10. tölul. 4. gr.

Reikningslegur aðskilnaður skal vera á milli lánastarfsemi stofnunarinnar og annarrar starfsemi. Fjárhagslegt markmið lánastarfsemi stofnunarinnar samkvæmt þessari grein skal vera að varðveita eigið fé hennar að raungildi.

Stjórn Byggðastofnunar getur tekið ákvörðun um að gera samninga um að fela fjármálastofnunum afgreiðslu og innheimtu lána, sem og aðra fjármálaumsýslu stofnunarinnar.

■ 12. gr. *Fjármögnun þróunarverkefna.*

Byggðastofnun er heimilt að fjármagna áhættusöm verkefni á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar samkvæmt nánari reglum sem iðnaðarráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar.

Þessi starfsemi skal einkum fjármögnuð með sérstökum framlögum úr ríkissjóði.

III. kafli. Önnur ákvæði.

■ 13. gr. *Upplýsingar um starfsemi.*

Iðnaðarráðherra skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Byggðastofnunar og framvindu byggðaáætlunar.

Ársreikningum skal fylgja skrá yfir verkefni stofnunarinnar og fjármögnun þeirra.

■ 14. gr. *Tekjur.*

Tekjur Byggðastofnunar eru:

1. Framlag úr ríkissjóði eins og ákvæðið er í fjárlögum hverju sinni.

2. Fjármagnstekjur.

■ 15. gr. *Lántaka.*

Byggðastofnun er heimilt innan ramma fjárlaga að taka lán til starfsemi sinnar innan lands eða erlendis, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milligöngu annarra aðila.

■ 16. gr. *Fjárvarsla.*

Handbært fé Byggðastofnunar skal geyma á reikningum í bönkum og sparisjóðum eða tryggum verðbréfum.

■ 17. gr. *Undanþága frá gjöldum og sköttum.*

Byggðastofnun er undanþegin öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs.

■ 18. gr. *Þagnarskylda.*

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Byggðastofnunar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirætlum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

■ 19. gr. *Reglugerð.*

Nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Byggðastofnunar og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð¹⁾.

¹⁾ Rg. 347/2000.

■ 20. gr. *Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000. . . .

■ Ákvæði til bráðabirgða. Við gildistöku laga þessara skipar iðnaðarráðherra stjórn Byggðastofnunar skv. 3. gr. fram að fyrsta ársfundi sem halda skal fyrir 1. júlí 2000.

Skýrsla nefndar um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar

FYLGISKJAL 2

Reglugerð fyrir Byggðastofnun 347/2000.

REGLUGERÐ

fyrir Byggðastofnun.

I. KAFLI

Hlutverk og skipulag.

1. gr.

Stjórnsýsluleg staða.

Byggðastofnun er sérstök stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Til að stuðla að vexti, nýsköpun og umbreytingu í atvinnulífi veitir stofnunin m.a. lán og ráðgjöf, fjármagnar og skipuleggur verkefni og stuðlar að öflugri atvinnuráðgjöf. Til að stuðla að eflingu byggðar gerir stofnunin tillögur og áætlanir sem grundvallaðar eru á gagnaöflun og rannsóknum.

3. gr.

Ársfundur.

Halda skal ársfund Byggðastofnunar fyrir 1. júlí ár hvert. Stjórn Byggðastofnunar ákveður fundardag, fundarstað og dagskrá fundarins. Á ársfundi skal fjalla um aðgerðir og horfur í byggðamálum og starfsemi Byggðastofnunar.

Ársfundinn sitja iðnaðarráðherra og stjórn og stjórnendur Byggðastofnunar. Ennfremur skal bjóða til fundarins fulltrúum atvinnuþróunarfélaga og sveitarfélaga, alþingismönnum, fulltrúum annarra stofnana og aðila sem vinna að atvinnu- og byggðarþróunarmálum, fjölmiðlum og öðrum sem málið varðar.

4. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórn Byggðastofnunar mótar stefnu fyrir stofnunina og sér til þess að henni sé framfylgt. Formaður stjórnar boðar til funda.

Stjórnin getur falið lánanefnd sem forstjóri veitir forstöðu að taka ákvarðanir um einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur. Í þeim reglum skal m.a. koma fram markmið lánastarfseminnar, lánskjarastefna og hámark láns og áhættuframlags vegna einstaks fyrirtækis. Ennfremur skipan og starfsskipulag lánanefndar, viðmiðun við ákvarðanatöku, ferill umsókna, upplýsingagjöf til

umsækjenda og svartími. Þá skal kveðið á um reglulega upplýsingagjöf til stjórnar vegna eftirlitshlutverks hennar.

Byggðastofnun skal við ákvarðanir sínar gæta jafnræðis milli aðila sem eru í sambærilegri stöðu. Þess skal sérstaklega gætt að fyrirgreiðsla stofnunarinnar til fyrirtækja og einstaklinga raski sem minnst samkeppnisaðstöðu annarra atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni.

5. gr.

Verkefni forstjóra.

Iðnaðarráðherra skipar forstjóra Byggðastofnunar til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. Forstöðumaður fyrirtækjasviðs skal vera staðgengill forstjóra. Forstjóri annast framkvæmdastjórn og daglegan rekstur stofnunarinnar og skal í þeim eignum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórnin hefur gefið. Hann gerir tillögur til stjórnar um skipulag og stefnu. Forstjóri veitir lánanefnd jafnframt forstöðu. Að öðru leyti en mælt er fyrir um í lögum um Byggðastofnun og reglugerð þessari fer um verkefni forstjóra samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

II. KAFLI

Starfsemi.

6. gr.

Skipulag starfseminnar.

Starfsemi Byggðastofnunar skal, auk skrifstofu forstjóra, skiptast í eftirtalin svið:

1. Fyrirtækjasvið sem annast m.a. lánsbeiðnir, ráðgjöf, útborgun lána, verkefnafjármögnun, athuganir og þróunarverkefni vegna fyrirtækja og atvinnulífs.
2. Þróunarsvið sem annast samstarf við atvinnuþróunarfélög og stofnanir, gagnasöfnun og úrvinnslu upplýsinga og hefur umsjón með úttektum, rannsóknnum og öðru þróunarstarfi á sviði byggðamála og atvinnulífs.
3. Lögfræðisvið sem annast m.a. lögfræðileg verkefni, innheimtu og yfirstjórn skjalagerðar.
4. Rekstrarsvið sem annast m.a. rekstur stofnunarinnar, bókhald, innheimtu lána, ásamt gerð rekstrar- og greiðsluáætlana.

7. gr.

Áætlun.

Í upphafi hvers árs skal stjórn Byggðastofnunar láta gera áætlun um starfsemi stofnunarinnar á viðkomandi ári. Áætlun þessi skal vera í tveimur hlutum:

Starfsáætlun og áætlun fyrir lánastarfsemi. Lánastarfsemin skal greiða þann kostnað í rekstri stofnunarinnar sem til hennar má rekja. Áætlanir skulu sendar iðnaðarráðherra til kynningar eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.

Í starfsáætlun skal fjallað um þau verkefni sem stjórn stofnunarinnar vill að unnið sé að og ekki teljast til venjubundinna verkefna. Þar skal einnig vera rekstraráætlun fyrir annað en lánastarfsemina. Gera skal grein fyrir hvernig framlögum á fjárlögum og öðrum tekjum skal ráðstafað í kostnað við rekstur, þátttöku í kostnaði vegna starfsemi atvinnuþróunarfélaga, fjármögnun verkefna og kaupa á hlutafé.

Í áætlun fyrir lánastarfsemi skal koma fram stefna um útlán ársins og rekstrar- og fjárhagsáætlun fyrir lánastarfsemina. Þar skal m.a. sundurliða nauðsynleg framlög í afskriftareikning útlána vegna almennra lána og áhættulána. Með áhættulánum er átt við lán með meiri áhættu en vaxtamunur þeirra getur greitt.

Í áætlun um fjármögnun verkefna skal gerð grein fyrir þeim verkefnum sem stofnunin hyggst vinna að á árinu og þeim markmiðum sem stefnt er að með þeim. Þar skal gerð grein fyrir því hvert framlag stofnunarinnar er til einstakra verkefna og hvert framlag samstarfsaðila er.

III. KAFLI

Atvinnuráðgjöf.

8. gr.

Efling atvinnulífs.

Byggðastofnun vinnur að aukinni fjölbreytni atvinnulífsins á landsbyggðinni og aðlögun þess að breyttum aðstæðum, m.a. með eflingu rannsóknar- og þróunarstarfs og aukinni notkun upplýsingatækni í starfsemi fyrirtækja.

Byggðastofnun gerir samninga við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða landsvæði. Þá skal stofnunin vinna að því að efla samstarf og samhæfingu í atvinnuþróunarstarfsemi.

Byggðastofnun veitir atvinnuþróunarfélögum faglega aðstoð við atvinnuþróun og nýsköpun, miðlar upplýsingum, aðstoðar við endurmenntun, samræmingu á starfsemi atvinnuþróunarfélaganna og eflingu samstarfs þeirra á milli. Hún myndar tengsl við stofnanir sem vinna að atvinnu- og byggðaþróun, skipuleggur samstarfsverkefni og aðstoðar við leit að samstarfsaðilum varðandi sérhæfð mál.

9. gr.

Efling búsetuþátta.

Byggðastofnun hefur samvinnu við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og opinberar stofnanir og aðra aðila um eflingu búsetuþátta. Þar má telja menntun og menningu, samgöngur, umhverfismál og þjónustu.

Byggðastofnun getur tekið þátt í gerð svæðisskipulags samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

Byggðastofnun tekur þátt í samstarfshópum og aðstoðar við greiningu vanda dreifbýlla svæða, þar sem veruleg röskun hefur orðið á atvinnuháttum og búsetu.

10. gr.

Rannsóknir, upplýsingar og umsagnir.

Byggðastofnun vinnur að gagnasöfnun og rannsóknum og fylgist með atvinnu- og byggðaðróun og helstu áhrifaþáttum hennar og árangri opinberra stuðningsaðgerða á sviði atvinnumála og byggðaðróunar, jafnt á Íslandi sem í löndum þar sem svipaðar aðstæður eru. Stofnunin getur tekið þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og gert samninga við háskóla, rannsóknastofnanir og aðra um rannsóknir á þessu sviði.

Byggðastofnun metur áhrif lagasetningar og annarra stjórnvaldsaðgerða á byggðaðróun. Byggðastofnun veitir umsagnir og getur unnið greinargerðir og tillögur fyrir Alþingi ráðuneyti, stofnanir, sveitarfélög og aðra á verkefnasviði sínu.

11. gr.

Samstarf og samskipti.

Byggðastofnun vinnur að myndun samstarfsneta og getur tekið þátt í og skipulagt innlend og erlend samstarfsverkefni á sviði byggða- og atvinnumála. Byggðastofnun aðstoðar atvinnuþróunarfélög og aðra samstarfsaðila við gerð og öflun slíkra verkefna.

12. gr.

Stefnumótandi byggðaáætlun.

Iðnaðarráðherra leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Áætlunin skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir á sviði atvinnumála, opinberrar þjónustu o.fl. Koma skal fram með hvaða hætti einstakar aðgerðir skulu fjármagnaðar, tímasetning þeirra og hver ber ábyrgð á framkvæmd þeirra.

Í byggðaáætlun skal gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar og framvindu gildandi byggðaáætlunar.

Iðnaðarráðherra skal vinna að byggðaáætlun í samvinnu við Byggðastofnun og leita faglegrar ráðgjafar hjá stofnuninni um rannsóknir og úttektir til undirbúnings gerð byggðaáætlunar. Við gerð byggðaáætlunar hafi iðnaðarráðherra samráð við önnur ráðuneyti, sveitarfélög og aðra aðila eftir þörfum.

Byggðaáætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti.

Byggðastofnun fylgist með framkvæmd þeirra þátta stefnumótandi byggðaáætlunar sem ráðherra felur henni.

IV. KAFLI

Fjármögnun verkefna og veiting lána og ábyrgða.

13. gr.

Fjármögnun verkefna.

Byggðastofnun veitir framlög til verkefna vegna atvinnuuppbyggingar og á sviði nýsköpunar. Stjórn stofnunarinnar ákveður verkefni og leitar eftir samstarfsaðilum um þau. Við umfjöllun um einstök verkefni getur stjórn, ásamt samstarfsaðilum, sett á fót verkefnanefndir til ráðgjafar. Byggðastofnun getur einnig falið atvinnuþróunarfélögum úthlutun fjár til einstakra verkefna.

14. gr.

Veiting lána og ábyrgða.

Byggðastofnun veitir lán og ábyrgðir. Stjórn stofnunarinnar getur falið forstjóra að ákveða einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur. Lánskjör skulu ákveðin af stjórn. Lánstími skal ekki vera lengri en 25 ár.

Markmið lánastarfseminnar er m.a. að tryggja fyrirtækjum og einstaklingum í atvinnurekstri á landsbyggðinni aðgang að langtímalánum á sem hagstæðustum kjörum, stuðla að vexti framsækinna fyrirtækja, nýsköpun í atvinnulífi og eflingu byggða.

Fjárhaglegt markmið lánastarfseminnar er að varðveita eigið fé að raungildi.

15. gr.

Umsóknir um lán.

Við mat á umsóknum skal hafa til viðmiðunar rekstur og rekstrarhorfur fyrirtækis, fjárhagsstöðu, reynslu og þekkingu fyrirvarsmanna þess, tryggingar fyrir lánum, nýsköpunargildi, samkeppnissjónarmið og gildi fyrir uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Þá skal lögð áhersla á samstarf við aðrar lánastofnanir og stuðla að því að þær láni til fyrirtækja á landsbyggðinni. Öll lán skal áhættuflokka við afgreiðslu, m.a. miðað við rekstrarhorfur fyrirtækis, fjárhagsstöðu og tryggingar fyrir lánum.

Umsóknir um lán skulu að jafnaði vera á umsóknareyðublöðum sem fást hjá stofnuninni og atvinnuþróunarfélögum.

16. gr.

Eftirgjöf lána.

Óheimilt er að gefa eftir veitt lán. Frá þessu má þó gera undantekningar þegar sérstakar ástæður mæla með, svo sem þegar lán eru ekki með haldbærum tryggingum og það samræmist innheimtuhagsmunum stofnunarinnar. Leita skal umsagnar ríkisendurskoðanda áður en einstök lán eru gefin eftir.

17. gr.

Takmarkanir.

Byggðastofnun er heimilt að fjármagna verkefni, veita lán og ábyrgðir á landsbyggðinni, þ.e. ekki í eftirtöldum sveitarfélögum: Hafnarfjarðarkaupstað, Garðabæ, Bessastaðahreppi, Kópavogskaupstað, Seltjarnarneskaupstað, Reykjavíkurborg og Mosfellsbæ.

Um fjármögnunar- og lánastarfsemi Byggðastofnunar gilda ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993.

Aðstoð sem fellur undir c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins vegna fjárfestinga skal ekki nema hærri fjárhæð en svarar til 17% að teknu tilliti til tekjuskatts, af upphaflegum stofnkostnaði vegna starfsstöðvar eða breytinga á henni. Til viðbótar er heimilt að veita smáum og meðalstórum fyrirtækjum aðstoð er svarar til allt að 10% af sömu kostnaðarþáttum, sbr. skilgreiningu 10.2 í leiðbeiningarreglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, sem birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. Framangreindir hundradshlutar eru hámarksviðmiðanir fyrir alla opinbera fjárhagsaðstoð til sama verkefnis.

Við útreikning og mat á veittri aðstoð skal miða við þá ávöxtun sem fengist hefði við eðlilegar markaðsaðstæður hverju sinni.

V. KAFLI

Þátttaka í atvinnurekstri.

18. gr.

Stofnun fyrirtækja.

Byggðastofnun getur, í samræmi við hlutverk sitt, stuðlað að stofnun nýrra fyrirtækja samkvæmt ákvörðun stjórnar. Höfð skal hliðsjón af byggðaáætlun við slíkar ákvarðanir.

Til að stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja getur Byggðastofnun veitt aðstoð og ráðgjöf við undirbúning, svo og veitt ábyrgðir og lagt fram fjármagn. Almennt séð skal fjárhagsleg fyrirgreiðsla miðast við að stofnunin sé ekki sjálf beinn þátttakandi í atvinnurekstri. Þó er stofnuninni heimilt að taka þátt í félagi með allt að 30% hlutfjárframlagi ef ríkar ástæður eru til að mati stjórnar stofnunarinnar. Byggðastofnun er þó ávallt heimilt að taka þátt í félagi með hlutfjárframlagi eða öðrum stofnframlögum sem eigandi ef um er að ræða eignarhalds-, fjárfestingar- eða þróunarfélag, þar með talin atvinnuþróunarfélög.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er Byggðastofnun ætíð heimilt að verja kröfur sínar með því að breyta þeim í hlutafé. Þá er Byggðastofnun heimilt að breyta fullnustueignum í hlutafé þegar það er talið vera fjárhagslega hagkvæmasta leiðin til að verja innheimtuhagsmuni stofnunarinnar.

19. gr.

Sala hlutabréfa (eignarhluta).

Þjóða skal til sölu á almennum markaði þau hlutabréf sem Byggðastofnun á og skal við það miðað að hlutabréfin séu auglýst til sölu eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Heimilt er einnig að setja bréfin í sölu á viðurkenndum hlutabréfamarkaði.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til hlutafjäreignar Byggðastofnunar í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélögum, þar með talið atvinnuþróunarfélögum, en stjórn Byggðastofnunar er heimilt að selja hlutabréf stofnunarinnar í slíkum félögum.

20. gr.

Eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélög.

Með vísan til hlutverks Byggðastofnunar er stjórn stofnunarinnar heimilt að ákveða að stofnunin taki þátt í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélögum með allt að 40% eignaraðild. Skilyrði slíkrar aðildar er að fagfjárfestar, fyrirtæki í einkaeigu og einstaklingar eigi a.m.k. 10% hlutafjár í slíkum félögum. Þá skal stofnunin hafa samstarf við fjárfestingarsjóði og lánastofnanir, eftir því sem við á, um fyrirgreiðslu til verkefna sem samrýmast hlutverki hennar.

VI. KAFLI

Önnur ákvæði.

21. gr.

Upplýsingar um starfsemi.

Iðnaðarráðherra skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Byggðastofnunar og framvindu byggðaáætlunar.

22. gr.

Tekjur.

Tekjur Byggðastofnunar eru framlag úr ríkissjóði og fjármagnstekjur.

23. gr.

Lántaka.

Byggðastofnun er heimilt innan ramma fjárlaga að taka lán til starfsemi sinnar innan lands eða erlendis, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milligöngu annarra aðila.

24. gr.

Þagnarskylda.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Byggðastofnunar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrimælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

25. gr.

Hæfi stjórnarmanna.

Stjórnarmaður skal ekki taka þátt í meðferð máls er varðar fyrirtæki ef hann situr í stjórn þess eða er starfsmaður þess. Hann skal einnig víkja ef hann er verulega fjárhagslega háður fyrirtæki vegna eignaraðildar, viðskipta eða af öðrum ástæðum. Sama gildir um þátttöku stjórnarmanns í meðferð máls er varðar aðila sem eru honum svo persónulega tengdir að hætta sé á að hann fái ekki litið hlutlaust á málið. Við upphaf stjórnarsetu ber stjórnarmanni að leggja fram yfirlit yfir þau fyrirtæki sem hann telur að svo sé ástatt um að hann geti ekki tekið þátt í afgreiðslu á málefnum þeirra. Hann skal einnig tilkynna ef breytingar verða á höfum hans að þessu leyti.

26. gr.

Reglugerðarheimild.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 106/1999 um Byggðastofnun, svo og með vísan til 61. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 2/1993, um lagagildi samningsins hér á landi.

Reglugerð þessi öðlast gildi við birtingu.

Iðnaðarráðuneytinu, 16. maí 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

Skýrsla nefndar um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar

FYLGISKJAL 3

Verklagsreglur Byggðastofnunar um útlánastarfsemi, fjármála og eignaumsýslu.

Verklagsreglur um útlánastarfsemi, fjármála- og eignaumsýslu.

5. útgáfa - Samþykkt á fundi stjórnar Byggðastofnunar 30. ágúst 2010

1. Inngangur

1.1.

Byggðastofnun er lánastofnun og starfar sem slík samkvæmt ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Markmið lánastarfsemi Byggðastofnunar er m.a. að tryggja fyrirtækjum á landsbyggðinni aðgang að langtímalánum á sem hagstæðustum kjörum, stuðla að vexti framsækinnna fyrirtækja, nýsköpun í atvinnulífi og eflingu byggðanna.

1.2.

Fjárhagslegt markmið lánastarfseminnar er að varðveita eigið fé stofnunarinnar að raungildi, sbr. 11. gr. laga um Byggðastofnun, nr. 106/1999.

Lánastarfsemin tekur þá áhættu sem samrýmist framangreindu markmiði. Hún greiðir sinn hluta af rekstrarkostnaði Byggðastofnunar. Lánskjör eru ákveðin af stjórn og eru endurskoðuð þegar lánskjör á lántökum stofnunarinnar breytast verulega. Stefnt er að því að mismunur á lánskjörum á lántökum og lánveitingum sé nálægt 2%.

1.3.

Byggðastofnun er auk skrifstofu forstjóra skipt í fjögur svið: þróunarsvið, fyrirtækjasvið, rekstrarsvið og lögfræðisvið.

1.4.

Starfssvæði Byggðastofnunar er skilgreint svo í 17. gr. reglugerðar um Byggðastofnun, nr. 347/2000: „Byggðastofnun er heimilt að fjármagna verkefni, veita lán og ábyrgðir á landsbyggðinni, þ.e. ekki í eftirtöldum sveitarfélögum: Hafnarjarðarkaupstað, Garðabæ, Bessastaðahreppi, Kópavogskaupstað, Seltjarnarneskaupstað, Reykjavíkurborg og Mosfellsbæ.“

1.5.

Um fjármögnunar- og lánastarfsemi Byggðastofnunar gilda ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993. Stofnunin verður því að gæta þess að fjármögnunarstarfsemi hennar samræmist reglum Evrópusambandsins, en samkvæmt þeim eru ríkisstyrkir til atvinnurekstrar óheimilir, með ákveðnum undantekningum þó. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) birti ákvörðun um nýtt byggðakort fyrir Ísland í desember 2006, og gildir það til ársloka 2013. Í þeirri ákvörðun felst að íslenskum stjórnvöldum er heimilt að veita byggðastyrki á þeim svæðum sem falla undir byggðakortið. Samkvæmt ákvörðun ESA mega íslensk stjórnvöld veita byggðastyrki á tímabilinu frá 1. janúar 2007 til 31. desember 2007 í öllum sveitarfélögum landsins nema Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarnesi, Garðabæ, Hafnarfirði, Álftanesi, Mosfellsbæ, Reykjanesbæ, Grindavík Sandgerði, Garði, Vogum og Kjósarhreppi. Frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2013 tekur gildi ný flokkun sem staðfest hefur verið af Hagstofu Evrópusambandsins (EUROSTAT) en hún tekur mið af núverandi kjördæmaskipan. Á grundvelli þeirrar flokkunar mega íslensk stjórnvöld veita byggðastyrki í öllum þeim sveitarfélögum sem falla undir landsbyggðarkjördæmin þrjú þ.e. Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi.

1.6

Byggðastofnun er opinber stofnun, í eigu íslenska ríkisins, og heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Því ber að gæta þess að öll erindi sem hún fær til meðferðar hljóti meðferð í samræmi við lög, reglur og góða stjórnsýsluhætti. Gæta verður jafnræðisreglu og taka tillit til samkeppnisstöðu við úrvinnslu erinda til Byggðastofnunar.

2. Lánareglur, styrkveitingar og hlutafjárkaup

2.1.

Stjórn Byggðastofnunar setur almennar reglur um lána kjör stofnunarinnar. Almennu eru lán nú veitt til 8 til 20 ára, og er lánstími að jafnaði ákveðinn af forstjóra. Meginreglan er sú að lán vegna nýframkvæmda eru til 15 til 20 ára, en lán til fjárhagslegrar endurskipulagningar 12 til 15 ára. Lán vegna vélakaupa eru almennt til 8 til 10 ára. Fyrsti gjalddagi afborgana er að jafnaði einu ári frá þeim mánuði er skuldabréf var útbúið. Fyrsti gjalddagi vaxta er 6 mánuðum fyrir fyrstu afborgun. Greiðslur vaxta og afborgana geta þó hafist fyrir eða seinna eftir samkomulagi við lántaka.

Lán eru veitt í íslenskum krónum, bandaríkjadöllum, evru, svissneskum frönskum eða japönskum jenum. Lán í íslenskum krónum eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs. Seðlabanki Íslands ákveður lágmarkslánstíma á verðtryggðum lánum, en hann er nú 5 ár. Vextir eru nú 7,0%. Lántökugjald er 1,8%.

Vextir á erlendum lánum eru breytilegir og miðast við millibankavexti á lánum að viðbættu álagi. Álagið er nú 3,00%.

Vextir á hverjum gjalddaga reiknast þeir vextir sem í gildi voru þann mánuð sem síðasti gjalddagi féll.

2.2.

Með þeim takmörkunum sem fram koma í gr. 1.5 og samkvæmt 13. gr. reglugerðar 347/2000, er Byggðastofnun heimilt að veita styrki til verkefna vegna atvinnuuppbyggingar og á sviði nýsköpunar á starfssvæði stofnunarinnar. Miðað er við að verkefni sem fela í sér nýmæli og hafa hagrænt gildi hafi að öðru jöfnu forgang við úthlutun. Stjórn stofnunarinnar tekur ákvörðun um einstakar styrkveitingar. Áður en til útborgunar styrks kemur skal umsækjandi skila greinargerð um framvindu verkefnisins. Styrkir til þróunarverkefna skulu að jafnaði ekki vera hærrí en 40% af kostnaði en 35% ef um fjárfestingar er að ræða. Hafi fengist styrkir frá öðrum opinberum aðilum lækkar styrkhlutfall Byggðastofnunar samsvarandi. Lista yfir veitta styrki skal birta í ársskýrslu stofnunarinnar.

Byggðastofnun veitir ekki rekstrarstyrki.

Auglýsa skal sérstaklega afgreiðslu styrkja 6 vikum áður en hún á að fara fram hverju sinni, bæði heildarfjárhæð til ráðstöfunar og styrkhámark fyrir hvert verkefni. Lánanefnd getur gert tillögu til stjórnar um tímabundnar áherslur í styrkveitingum áður en auglýst er.

Lánanefnd undirbýr mál er varða styrki fyrir stjórn með stuttri umsögn um hverja umsókn. Í henni skal koma fram mat á hagrænu gildi máls, hvort verkefnið felur í sér nýmæli af einhverju tagi, og hvort möguleg styrkveiting stangist á við samkeppnissjónarmið, þannig að hætta sé á að með styrkveitingu sé raskað samkeppnisstöðu aðila í sambærilegum rekstri á

landsbyggðinni. Þær umsóknir sem ekki hljóta jákvæða afgreiðslu á stjórnarfundum teljast niður fallnar, og skal umsækjanda tilkynnt um það að afloknum stjórnarfundum.

2.3.

Samkvæmt 18. gr. reglugerðar 347/2000, getur Byggðastofnun, í því skyni að stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja, veitt aðstoð og ráðgjöf við undirbúning, svo og veitt ábyrgðir og lagt fram fjármagn. Almennt séð skal fjárhagsleg fyrirgreiðsla miðast við að stofnunin sé ekki sjálf beinn þáttakandi í atvinnurekstri. Þó er stofnuninni heimilt að taka þátt í félagi með allt að 30% hlutafjárframlagi ef ríkar ástæður eru til þess að mati stjórnar stofnunarinnar. Þá er Byggðastofnun ætíð heimilt að verja kröfur sínar með því að breyta þeim í hlutafé, svo og að breyta fullnustueignum í hlutafé sé það talið vera fjárhagslega hagkvæmasta leiðin til að verja innheimtuhagsmunum hennar.

Samkvæmt 20. gr. reglugerðar 347/2000 er stjórn Byggðastofnunar heimilt að ákveða að stofnunin taki þátt í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélögum með allt að 40% eignaraðild. Skilyrði fyrir slíkri þátttöku er að fagfjárfestar, fyrirtæki í einkaeigu og einstaklingar eigi a.m.k. 10% hlutafjár í viðkomandi félagi.

Stjórn Byggðastofnunar afgreiðir umsóknir um hlutafjárkaup og samfjármögnun að jafnaði ársfjórðungslega.

Lánanevnd undirbýr hvert mál fyrir stjórn með tillögu ásamt ýtarlegri umsögn um hverja umsókn. Stofnunin áskilur sér rétt til að leita eftir áliti og ráðgjöf frá fagaðilum um hlutafjárkaup, ásamt því að leita eftir staðbundinni þekkingu á forsvarsmönnum, fyrirtækjum og umhverfi þeirra t.d. hjá eignarhaldsfélögum og atvinnuþróunar-félögum á einstökum svæðum. Þær umsóknir sem ekki hljóta jákvæða afgreiðslu á stjórnarfundum teljast niður fallnar, og skal umsækjanda tilkynnt um það að afloknum stjórnarfundum.

Byggðastofnun ber að leitast við að gæta þess að ekki sé hætta á að með hlutafjárkaupum sé raskað samkeppnisstöðu aðila í sambærilegum rekstri á landsbyggðinni.

2.4.

Komi til sérstakar fjárveitingar úr ríkissjóði til átaksverkefna í formi styrkveitingar eða hlutafjárkaupa skal það auglýst sérstaklega hverju sinni.

3. Umsókn um lán og meðferð hennar

3.1.

Lánsumsókn skal send Byggðastofnun á til þess gerðu eyðublaði sem hægt er m.a. að nálgast á heimasíðu Byggðastofnunar auk upplýsinga um hvaða gögn eigi að fylgja umsókninni. Heimilt er að senda stofnuninni umsókn með rafrænum hætti um heimasíðu hennar. Starfsmenn fyrirtækjasviðs Byggðastofnunar fara yfir lánsumsókn og gefa umsögn um beiðnina eftir nánari reglum sem forstjóri setur. Fram skulu koma upplýsingar um fjárhags- og rekstrarstöðu umsækjanda, og hvaða tryggingar eru í boði.

3.2.

Byggðastofnun leggur áherslu á vandaða vinnu við lánsþæfismat og áhættugreiningu. Í því skyni gerir stofnunin skilgreindar kröfur um upplýsingar, gögn og áætlanir frá viðskiptamönnum. Við mat á umsókn skal hafa til viðmiðunar rekstur og rekstrarhorfur fyrirtækis, fjárhagsstöðu, reynslu og þekkingu fyrirsvarsmanna þess, tryggingar fyrir lánum,

nýsköpunargildi, samkeppnissjónarmið og gildi fyrir uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Þá skal lögð áhersla á samstarf við aðrar lánastofnanir og leitast við að stuðla að því að þær láni til fyrirtækja á landsbyggðinni.

3.3.

Veð eru tekin í þeirri fasteign eða skipi sem lánað er til. Meginreglan varðandi fasteignir er að veðstaða lánsins verði ekki hærrí en 75% af áætluðu söliverði fasteignarinnar. Veðstaða í skipum skal að jafnaði ekki vera hærrí en 60% af markaðsverði skips með aflaheimildum. Ekki er lánað til aflaheimildalausra skipa og báta. Þó er heimilt að taka veð í bát eða skipi sem nýtt er til ferðaþjónustu þó því fylgi ekki aflaheimildir. Veðstaða í slíku skipi skal að jafnaði ekki vera hærrí en 60% af áætluðu markaðsverðmæti þess.

4. Reglur um skuldbreytingar og skilmálabreytingar

4.1 Almenn

Í ljósi þeirra efnahagserfiðleika, sem nú ríkja í þjóðfélaginu, liggur fyrir að margir viðskiptavinir Byggðastofnunar munu ekki geta staðið við skuldbindingar sínar við stofnunina. Oft er um lífvænleg fyrirtæki að ræða sem veita mörgum atvinnu og eru mikilvæg sinni heimabyggð.

Ástæður greiðsluferfiðleika fyrirtækis geta verið margskonar en það er yfirlýstur vilji ríkisstjórnar Íslands að fjármálfyrirtæki reyni að bjarga þeim fyrirtækjum sem hægt er, til að reyna að tryggja sem flestum atvinnu. Í þessum kafla er að finna reglur um skuldbreytingar og breytingar á skilmálum skuldabréfa og lánsamninga sem kunna að leiða til eftirgjafar skulda eða annarra ívilnana fyrir skuldara, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 107/2009.

4.2. Umsókn um skuld- og/eða skilmálabreytingar

Umsókn um skuld- eða skilmálabreytingar skal beint til lánasérfræðings á fyrirtækjasviði Byggðastofnunar. Umsókn um skuld- og/eða skilmálabreytingar skal fylgja nauðsynleg gögn og upplýsingar um stöðu fyrirtækis til þess að afstöðu sé hægt að taka til beiðnarinnar. Lánasérfræðingur skal gera tillögu um afgreiðslu málsins til lánanefndar Byggðastofnunar sem tekur ákvörðun um afgreiðslu.

4.3

Með úrræðum þessa kafla um skuld- og skilmálabreytingar skal leitast við, eftir því sem mögulegt er, að jafnvægi komist á virði eigna viðskiptavinar og greiðslugetu, og fjárskuldbindingar fyrirtækja.

Við afgreiðslu lánanefndar skal einkum litið til eftirfarandi atriða:

Eigna- og skuldastöðu lántaka. Ekki er ætlast til þess að eftirgjöf skulda leiði til jákvæðrar eiginfjármýndunar hjá lántaka. Er það skilyrði því í raun sett fyrir skilmálabreytingum lánsamninga sem kunna að leiða til eftirgjafar skulda, að ekki séu til nægar eignir eða tryggingar fyrir skuldum lántakenda og er það í samræmi við ákvæði 16. gr. reglugerðar fyrir Byggðastofnun nr. 347/2000. Hins vegar ber að líta til þess að þróun á fjármálamörkuðum síðasta ár getur að verulegu leyti skekkt eignastöðu lántaka sem þarf þó ekki alltaf að útiloka að með breyttum eða endurnýjuðum lánsamningum sé grundvöllur fyrir áframhaldandi rekstri hans.

Þá skal einnig taka tillit til greiðslugetu lántaka og leggja þannig mat á rekstrargrundvöll hans með hlutlægum hætti, þ.e. fyrirsjáanlegs sjóðstreymis hjá fyrirtækjum og tekjumöguleikum



hjá einstaklingum, og þess gætt að skuldastaða sé með þeim hætti að lántakar sjái sér fært að greiða af lánum með fyrirsjáanlegu sjóðstreymi, hvort sem er úr rekstri eða af launatekjum. Við mat á sjóðstreymi er horft til þess hvort rekstrarafkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði sé jákvæð, enda er það forsenda þess að fyrirtækið geti greitt af skuldum sínum. Við mat á sjóðstreymi skal litið til rekstraráætlunar fyrirtækis með hliðsjón af sögulegri afkomu þess og horfum í ytra umhverfi

Lánanefnd skal leggja mat á hæfi lántakenda, stjórnenda og eigenda fyrirtækja til að efna samninga um skuldbreytingar og breytingar á skilmálum lánsamninga, en óumflýjanlegt er að taka tillit til þess við mat á greiðsluhæfi fyrirtækja hvort eigendur og stjórnendur þeirra njóti trausts og trúnaðar hjá Byggðastofnun. Óhjákvæmilega er hérna að einhverju leyti um huglægt mat lánanefndar að ræða, en meðal þeirra atriða sem taka má tillit til eru til dæmis samstarfsvilji lántaka, upplýsingagjöf af hans hálfu og hvort lántaki hafi út frá fyrri samskiptum sínum við stofnunina sýnt í verki að hann muni ná þeim markmiðum sem skulda- og skilmálabreytingar kveða á um. Hér vegur viðskiptasagan þungt.

Skilyrða má skuld- og skilmálabreytingar, t.d. með því að takmarka launagreiðslur til stjórnenda og eigenda fyrirtækja og aðila tengdra þeim, banna arðgreiðslur tímabundið, banna samruna og sölu eigna, nema með sérstöku samþykki Byggðastofnunar. Jafnframt er ljóst að ekki er unnt að ná fram skuld- eða skilmálabreytingu án þess að nauðsynleg gögn um efnahag og rekstur lántaka, gagna sem eru eftir atvikum staðfest eða könnuð af endurskoðendum, þegar um fyrirtæki er að ræða, og gögn um efnahag og greiðslugetu þar sem um einstaklinga er að ræða, séu lögð fram til stofnunarinnar.

Telji lántaki vafa leika á lögmati eða réttmati kröfu Byggðastofnunar á hendur honum, og telji hann sig eiga rétt á niðurfellingu láns í heild eða að hluta af þeim sökum skal hann beina ítarlega rökstuddri kröfu um slíkt til lánanefndar stofnunarinnar sem skal taka afstöðu til erindisins. Niðurstöðu lánanefndar í slíkum málum er heimilt að skjóta til stjórnar Byggðastofnunar.

Lánanefnd skal gæta samræmis við ákvörðunartöku um skuldbreytingar og breytingar á skilmálum er leiða til eftirgjafar skulda, eftir því sem unnt er.

Allar ákvarðanir um skuld- og skilmálabreytingar skulu bókaðar í fundargerðir lánanefndar. Við afgreiðslu beiðna um skuld- og skilmálabreytingar skal lánanefnd taka mið af samkeppnislögum og áleti Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008, um ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum.

Lánanefnd getur ákveðið að lengja í lánum viðskiptavinar í samræmi við greiðslugetu, kveðið á um að hann skuli einungis greiða vexti af lánum sínum í ákveðinn tíma og ákveðið breytingar á gjalddögum.

Jafnframt getur lánanefnd ákveðið að mæla með að lán viðskiptavinar séu sett í greiðslujöfnunarferli í samræmi við samþykkt stjórnar Byggðastofnunar frá 20. maí 2009 þar sem samþykkt var að taka upp greiðslujöfnun erlendra lána, svokölluð teygjulán. Miðað verður við stöðu láns 2. maí 2008 þegar greiðslumark er fundið. Lánanefnd hefur þó heimild til að víkja frá þeirri reglu og miða greiðslumark við greiðslugetu viðskiptavinar.

Greiðslumark skal að öllu jöfnu vera tengt vísitölu neysluverðs en Lánanefnd verði þó heimilt að víkja frá þeirri reglu í undantekningartilfellum og hafa hana óverðtryggða. Heimild verður

sett í skilmálabreytingar á þann veg að hægt verði að endurskoða greiðslujöfnunin ef sýnt þykir að lánstími lengist umfram 50% af upphaflegum lánstíma. Mögulegt verður að hætta við greiðsluaðlögun ef viðskiptavinur óskar þess, auk þess sem Byggðastofnun verður heimilt að fella greiðslujöfnun niður. Þá er viðskiptavini heimilt að greiða inn á höfuðstól lána og gjalddaga sem eru í greiðslujöfnun.

Ákvarðanir um breytingu lána í hlutafé í heild eða hluta, sem og ákvarðanir um niðurfellingu lána í heild eða að hluta skulu áfram háðar samþykki stjórnar og umsögn Ríkisendurskoðunar í samræmi við önnur ákvæði reglna þessara og reglugerðar nr. 347/2000 fyrir Byggðastofnun.

5. Lánanefnd Byggðastofnunar

5.1.

Á grundvelli heimilda í 4., 6. og 11. gr. laga um Byggðastofnun nr. 106/1999, og samkvæmt 4., 5. og 14. gr. reglugerðar fyrir Byggðastofnun nr. 347/2000, veitir stjórn Byggðastofnunar forstjóra og lánanefnd undir forsæti hans umboð til að fjalla um og afgreiða lánaerindi, fjáhagslegar beiðnir og önnur fyrirgreiðsluerindi eftir því sem nánara greinir í reglum þessum.

Stjórn gerir áætlun um fjármálalega starfsemi fyrirtækjasviðs, lánastarfsemi, styrki, hlutafjárkaup, fjármögnun, innheimtumál og annað það sem máli skiptiressi áætlun skal vera rammi sem forstjóra og lánanefnd ber að virða, en áætlunin skal endurskoðuð svo oft sem þurfa þykir.

Lánanefnd skal skipuð forstjóra, forstöðumönnum fyrirtækja- lögfræði-, rekstrar- og þróunarsviðs, lánasérfræðingum fyrirtækjasviðs, og staðgenglum þessara starfsmanna þegar svo ber undir. Fundur nefndarinnar er ályktunarbær ef meirihluti nefndarmanna sækja fundinn. Lánanefnd fundar eftir því sem þörf er á, en að jafnaði ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Hún heldur fundargerð um erindi og ákvarðanir. Fundargerðir skal jafnóðum senda stjórnarmönnum.

Auk lánamála fjallar lánanefnd um erindi sem varða styrki, hlutafé, veð, skuldbreytingar, niðurfellingar og fyrningar, svo og um niðurfellingar afgreiðsluloforða og innheimtumál, o.s.frv.

5.2.

Lánanefnd skal gæta þess að öll erindi sem hún fær til umfjöllunar hljóti meðferð í samræmi við lög, reglur, jafnræðisreglu, góða stjórnsýsluhætti og málefnalegt gegnsæi.

Í hverju máli skal ákvarða framlag til varasjóðs eftir því sem við á.

5.3.

Erindi til stofnunarinnar telst mótttekið þegar það hefur verið áritað og dagstimplað á skrifstofu hennar, eða móttaka þess staðfest af stofnuninni með rafrænum hætti. Móttaka með öðrum hætti hefur ekki formlegt gildi.

Öll lánaerindi, fjáhagslegar beiðnir og önnur fyrirgreiðsluerindi fyrirtækjasviðs skulu berast á sérstökum eyðublöðum stofnunarinnar, eða með rafrænum hætti á heimasíðu stofnunarinnar. Eyðublöð skulu m.a. vera aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar ásamt leiðbeiningum.

5.4.



Ekkert erindi skal hljóta fullnaðarafgreiðslu fyrr en öll nauðsynleg og áskilin skjöl, gögn og upplýsingar hafa borist. Berist umbeðnar upplýsingar og gögn ekki innan átta vikna frá því þeirra var sannanlega óskað, skal umsókn felld niður og gögn endursend.

Lánanefnd er heimilt að afgreiða erindi með skilyrðum. Skilyrtar afgreiðslur, fyrirgreiðsluloforð o.þ.h. skal endurskoða og fella niður eftir því sem ástæður verða til.

5.5.

Lánanefnd afgreiðir erindi sem nema að ákvarðaðri afgreiðslufjárhæð allt að 35 m.kr. enda krefjist erindi varasjóðsframlags sem ekki er hærra en 14 m.kr. Stjórn skal endurskoða þessi fjárhæðamörk að fenginni tillögu forstjóra.

Erindi sem nema hærri ákvörðuðum afgreiðslufjárhæðum afgreiðir stjórn að fenginni greinargerð og áliti lánanefndar.

Stjórn afgreiðir að fenginni greinargerð og áliti lánanefndar erindi sem varða styrki og erindi sem varða bein hlutafjárkaup. Þó hefur forstjóri umboð til ákvarðana um hlutafé ef um er að ræða lið í umfjöllun um fyrri fyrirgreiðslu, skuldbreytingar, fullnustueignir og aðra vörslu hagsmuna Byggðastofnunar.

5.6.

Lánanefnd hefur heimild til að ákvarða endanlega um afgreiðslu erindis samkvæmt reglum þessum.

Lánanefnd hefur heimild til þess að taka ákvarðanir um forgangsörðun og synjun erinda, m.a. vegna takmarkana á fjármagni sem er til ráðstöfunar hverju sinni samkvæmt fjárhag og áætlunum Byggðastofnunar.

Lánanefnd skal vísa máli til stjórnar ef um nýmæli eða vafamál eða stefnumarkandi mál er að ræða.

Lánanefnd getur vísað máli til stjórnar, til ábendinga, samráðs eða ákvörðunar.

Stjórnarmenn geta á stjórnarfundi krafist upplýsinga um afgreiðsluákvarðanir lánanefndar, en þær koma því aðeins til nýrrar afgreiðslu á stjórnarfundi að umsækjandi sjálfur skjóti ákvörðun lánanefndar til stjórnar.

5.7.

Aðeins umsækjandi sjálfur getur skotið ákvörðun lánanefndar um einstakar lánsúmsóknir til stjórnar. Málskot skal byggjast á tilvísun til laga eða reglugerðar um stofnunina, lánareglna hennar, stjórnarsýslureglna, byggðaaðstæðna eða annara sérstakra aðstæðna. Skal málskot eiga sér stað innan 30 daga frá því að umsækjandi vissi eða mátti vita af ákvörðun lánanefndar.

Jafnan skal upplýsa umsækjendur um málsskotsrétt.

Í umfjöllun um málskot fjallar stjórn um vinnubrögð, mælistikur og ályktanir lánanefndar, en tekur ekki beina afstöðu til umsóknar eða erindis viðskiptamanns. Að lokinni umfjöllun sinni getur stjórn vísað máli aftur til lánanefndar til frekari afgreiðslu.

Nú telur stjórn við umfjöllun um málskot að ákvæði 4.6. 3.mgr. snerti erindið og getur hún þá með sérstakri samþykkt og einnig með stefnumótandi túlkun á ákvæðum 4.8., veitt lánanevnd bein fyrirmæli um einstök atriði í lokaafgreiðslu málsins.

5.8.

Forsendur lánaákvæðana, forgangsroðunar og synjana skulu einkum vera þessar:

- a) Lög, reglugerð, verklagsreglur og viðmiðanir Byggðastofnunar; fjármagn sem er til ráðstöfunar.
- b) Umsókn, upplýsingar, áætlanir og önnur gögn sem viðskiptamaður leggur fram.
- c) Veð og tryggingar viðskiptamanns,
- d) Lánshæfismat og áhættugreining; mat á viðskiptaáætlun, greiðslugetu, rekstrarhæfi og markaðsaðstæðum; fjárhagur, eigið fjármagn og framlög viðskiptamanns; aðrar skuldir og skuldbindingar viðskiptamanns, reynsla, viðskiptasaga og aðrar forsendur viðskiptamanns.
- e) Tillit til lánaáætlana Byggðastofnunar miðað við landshluta, atvinnugrein eða tímabil; afleiðingar af áætlunum og rammaákvörðunum Byggðastofnunar.
- f) Nýsköpunargildi; mikilvægi við atvinnusköpun og tekjumyndun, mikilvægi í atvinnulífi og byggð, fjöldi starfa og varanleiki.
- g) Ástand og horfur í efnahags- og atvinnumálum; afleiðingar af ákvörðunum og fyrirmæli stjórnvalda.
- h) Fjárhagur og eiginfjárstaða Byggðastofnunar.

6. Afgreiðsla lánsamþykktar

6.1.

Þegar lánveiting hefur verið samþykkt er viðkomandi aðila send tilkynning um lánsamþykkt. Í henni koma m.a. fram lánakjör, hvenær lánið kemur til útborgunar og önnur atriði sem máli skipta, s.s. tryggingar, nafn lántaka, vegna hvers lánið var veitt, dagsetning lánsamþykktar o.þ.h. Sé lánveiting bundin skilyrðum skulu þau tilgreind.

Undir tilkynningu ritar forstjóri, en í fjarveru hans einn af eftirtöldum forstöðumönnum, forstöðumaður fyrirtækjasviðs, lögfræðisviðs, eða rekstrarsviðs. Einnig skal tilkynning undirrituð að þeim starfsmanni fyrirtækjasviðs sem hefur með málið að gera. Fyrirtækjasvið sér um að útbúa lánsamþykktir.

6.2.

Sé lánsloforð orðið eldra en eins árs án þess að forsendur séu til að greiða það út skal fella það niður. Forstjóra eða forstöðumanni fyrirtækjasviðs er þó heimilt að fresta niðurfellingu um allt að einu ári ef líkindi eru til að lántaki muni fljótlega efna skilyrði lánveitingar. Geta skal þess í lánsamþykkt að lánið verði hafið sé það ekki greitt út innan árs.

6.3.

Heimilt er að skilyrða lán þannig að lántaki ávísí ákveðnu hlutfalli af tekjum til Byggðastofnunar til greiðslu afborgana. Fyrirtækjasvið sér um að reikna hlutfallið og útbýr samning sem lántaki undirritar ásamt viðskiptabanka sínum sem sér um að halda hinum umsömdu greiðslum eftir og skila til Byggðastofnunar. Ef hlutfall sem ávísað er reynist of hátt eða of lágt, skal taka það til endurskoðunar.

6.4.

Ávallt er krafist veðs fyrir lánum Byggðastofnunar. Lántaki skal útvega stofnuninni þinglýsingarvottorð sem fyrirtækjasvið útbýr veðskuldabréf eftir, eða lögfræðisvið ef um flóknar eða afbrigðilegar veðsetningar er að ræða.

Lántaka er síðan sent veðskuldabréf með leiðbeiningum um hver eigi að undirrita lánskjalið. Þinglýsa ber veðskuldabréfum Byggðastofnunar til að tryggja réttarvernd þeirra og er ætlast til þess að lántaki sjái um að láta þinglýsa skjalinu. Sé um lausafjárveð að ræða þarf að gæta þess að veðskuldabréfi sé þinglýst innan 3 vikna frá útgáfudegi, og að þinglýsing fari fram á heimilisvarnarþingi skuldara. Ef um hlutafélag er að ræða er átt við heimili og varnarþing fyrirtækisins eins og samþykktir þess og hlutafélagaskrá segja til um.

6.5.

Við afgreiðslu lánessamþykktar skal útfyllt sérstakt umsjónarblað. Sá starfsmaður fyrirtækjasviðs sem hefur með málið að gera skal staðfesta með undirritun sinni á umsjónarblaðið að frumrit skuldabréfs sé í lagi, þinglýsing þess án athugasemda, og að lánið sé að öðru leyti tilbúið til útborgunar. Hafi lánveiting verið bundin skilyrðum skal koma fram á umsjónarblaðinu að þau hafi verið uppfyllt. Hafi láninu verið ávísað til 3ja aðila skal slíkt koma fram á umsjónarblaðinu.

6.6.

Heimilt er að ávísa láni fyrirfram af lántaka til 3ja aðila, og óska þess að Byggðastofnun staðfesti það. Staðfesta má móttöku slíkrar ávísunar, en gæta verður þess vandlega að sá fyrirvari sé gerður að lánveiting kann að hafa verið bundin skilyrðum sem verða að vera uppfyllt áður en til útborgunar kemur. Gæta skal þess að ávísanir þessar séu geymdar með skipulögðum hætti þannig að ekki farist fyrir við útborgun láns að ráðstafa því í samræmi við fyrirbyggjandi ávísun. Við útborgun láns er því gefið lánsnúmer.

6.7.

Við afgreiðslu láns skal flokka það með tilliti til áhættu. Við mat á áhættu skiptir aðallega máli hver er trygging láns, en einnig fjárhags- og rekstrarstaða skuldara. Áhættuflokkar eru 10, og myndar samtala áhættuflokka varasjóð eða afskriftarsjóð útlána, og skal hann endurspegla raunverulega stöðu útlána á hverjum tíma. Fyrirtækjasvið sér um að áhættuflokka lán eftir ákveðnum forsendum og yfirfara reglulega.

7. Önnur ákvæði um lánamál, veð o.fl.

7.1.

Meginregla er að ekki eru gefin út veðleyfi vegna nýrra lána. Eingöngu stjórn og lánanefnd hafa heimild til að samþykkja slík veðleyfi. Forstjóri, forstöðumenn lögfræðisviðs, rekstrarsviðs og fyrirtækjasviðs hafa heimild til að samþykkja veðleyfi ef eingöngu er um að ræða skuldbreytingar á eldri lánum áhvílandi á undan Byggðastofnun þannig að veðstaða stofnunarinnar versni ekki, eða í öðrum tilvikum sem tryggt er að veðstaða stofnunarinnar breytist ekki til hins verra.

Huga þarf að vanskilum áður en samþykkt er að veita veðleyfi. Ef veitt er veðleyfi vegna nýs láns skal að jafnaði binda það skilyrðum um að vanskil við Byggðastofnun séu greidd upp. Í því tilviki að um sé að ræða veðleyfi vegna skuldbreytinga og lántaki er í vanskilum þarf hann

að sýna fram á hvernig hann hyggst gera upp vanskil við Byggðastofnun á næstu 2 til 3 mánuðum.

7.2.

Meginregla um kvóta- og veðflutninga er að því aðeins er heimilt að flytja kvóta af skipi eða jörð sem veðsett eru Byggðastofnun, að það skipti ekki máli varðandi tryggingastöðu stofnunarinnar að öðru leyti. Gæta ber að rekstrarstöðu lántaka í þessu sambandi. Þannig er lágmark kvóta á veðsettu skipi 35 – 40 þorskígildistonn. Sama regla gildir um veðflutning, eingöngu er heimilaður slíkur flutningur að veðstaða stofnunarinnar rýrni ekki.

Almennt skal ekki heimilaður veð- eða kvótaflutningur nema lán stofnunarinnar séu í skilum, eða þannig að flutningur sé bundinn skilyrðum um greiðslu vanskila. Fyrirtækja- og lögfræðisvið sjá um þessi mál, en að jafnaði skal forstöðumaður lögfræðisviðs staðfesta flutning ásamt þeim starfsmanni sem sér um málið.

7.3.

Um skuldskeytingu gildir sú regla að því aðeins er heimilt að samþykkja nafnbreytingu á láni að hinn nýi skuldari sé öruggur greiðandi. Séu tryggingar láns ekki haldbærar skal ekki heimila skuldskeytingu ef hinn nýi skuldari er mun veikari fjárhagslega nema stofnuninni séu settar nýjar tryggingar.

Varast skal að samþykkja skuldskeytingu þegar lán eru tryggð með veði í skipum nema tryggt sé að ekki sé um að ræða skerðingu á kvóta eða skerðing sé óveruleg miðað við kvótastöðu skips. Að jafnaði skal ekki samþykkja skuldskeytingu nema að lán séu í skilum eða þá að samið sé um þau. Gæta þarf þess að fá afrit af kaupsamningi eða afsali, og skal rekstrarsvið geyma afritin í sérstakri möppu.

7.4.

Forstjóri tekur ákvörðun um hvort Byggðastofnun ver hagsmuni sína við nauðungarsölu og kaupir eign. Lögfræðisvið leggur fyrir forstjóra upplýsingar um eignina og veðstöðu stofnunarinnar, og gerir tillögur til forstjóra í þessum efnum.

Heimilt er að innleysa eign án uppboðs með samkomulagi við skuldara ef sú leið er betur til þess fallin að tryggja hagsmuni stofnunarinnar.

Innleysi Byggðastofnun eign skal stofnaður nýr reikningur fyrir viðkomandi eign, og lán tekið út úr lánabókhaldi og fært á hinn nýja reikning eignarinnar.

Að jafnaði greiðir Byggðastofnun söluverð skv. uppboðsskilmálum og oftast án þess að yfirtaka lán áhvílandi á eigninni.

Komi til þess að Byggðastofnun fái ekki greitt upp í kröfu sína á uppboði eða einungis hluta kröfunnar, og sýnt er m.v. fjárhagsstöðu skuldara að hann geti ekki gert upp skuldina, er lán tekið út úr lánabókhaldi og fært yfir á sérstakan afskriftareikning. Sé reiknað með að stofnunin fái hluta kröfunnar er sá hluti færður á sérstakan viðskiptamannareikning, en afgangur færist á afskriftareikning. Sömu reglur gilda um meðferð lána stofnunarinnar við gjaldprot lántaka. Lista yfir afskriftir skal leggja reglulega fyrir stjórn.

8. Niðurfelling lána

8.1.

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 347/2000 um Byggðastofnun er óheimilt að gefa eftir veitt lán. Frá þessu má gera undantekningar þegar sérstakar ástæður mæla með, svo sem þegar lán eru ekki með haldbærum tryggingum og það samræmist innheimtuhagsmunum stofnunarinnar. Leita skal umsagnar Ríkisendurskoðunar áður en einstök lán eru gefin eftir.

Samkvæmt þessu samrýmist það ekki innheimtuhagsmunum stofnunarinnar að fella lán niður að öllu leyti, heldur verður slíkt að byggjast á úrræðum um skuld- eða skilmálabreytingar lána skv. 4. kafla, eða fullnustu þar sem stofnunin fær að hluta greitt upp í kröfu sína. Beiðni um styrk til að greiða af lánum, og beiðni um að fella niður haldbærar tryggingar eða leysa þær úr veðböndum ber að meðhöndla með sama hætti og beiðni um niðurfellingu lána.

8.2.

Að því leyti sem um er að ræða formlega nauðasamninga skv. lögum nr. 21/1991 tekur stofnunin ekki þátt í þeim nema að því marki sem ekki er trygging fyrir láninu skv. mati, og hefur hún þá heimild til að greiða atkvæði um nauðasamning. Í því tilvikum er eðli máls skv. óþarft að leita umsagnar Ríkisendurskoðunar.

8.3.

Forstjóra er heimilt, samkvæmt tillögu lánanefndar, að endurreikna lán með fullnægjandi tryggingum miðað við 5% flata samningsvexti án dráttarvaxta og lengja lánstíma til 20 – 25 ára auk verðtryggingar í þeim tilvikum er skuldari hefur orðið fyrir verulegum fjárhagslegum skakkaðillum vegna sjúkdóms, gjaldþrots eða ábyrgða. Ekki þarf að bera slíkar ákvarðanir undir Ríkisendurskoðun.

9. Áritun og varðveisla skjala

9.1.

Forstjóri og forstöðumaður fyrirtækjasviðs, lögfræðisviðs og rekstrarsviðs kallast A heimildarmenn. Að jafnaði skulu skjöl stofnunarinnar undirrituð af starfsmanni með A heimild og þeim starfsmanni sem annast málið. Forstjóri ritar þó einn undir kaupsamninga og afsöl og þau skjöl sem hann lögum samkvæmt ritar einn undir eða samkvæmt eðli máls.

9.2.

Samkvæmt upplýsingalögum ber stjórnvaldi að skrá skjöl sem það fær til meðferðar og varðveita þau á aðgengilegan hátt. Fyrirtækjasvið heldur sérstaka skrá yfir allar lánsbeiðni, en önnur gögn þarf að færa í sérstaka bréfabók sem skrifstofa heldur. Öll bréf og erindi sem stofnuninni berast skulu þar skráð, og einnig útsend bréf. Forstjóri setur reglur um gerð og færslu bréfadagbókar.

9.3.

Haldin er sérstök tryggingaskrá á tölvutæku formi, þar sem upplýsingar um einstök veð og veðstöðu stofnunarinnar er að finna. Fyrirtækjasvið uppfærir þessa skrá reglulega, en hún er eitt helsta gagnið sem notað er þegar afskriftarsjóður er metinn.

10. Sala innleystra eigna

10.1.

Allar eignir sem Byggðastofnun innleysir vegna uppboðs eða gjaldþrots ber að auglýsa til sölu á almennum markaði. Að jafnaði leitast stofnunin við að selja slíkar eignir svo fljótt sem unnt



er. Þær skulu að jafnaði ekki leigðar nema áður hafi verið reynt án árangurs að selja þær. Forstjóri ákveður hverju sinni hvernig standa skuli að sölu, t.d. varðandi tilboðsfrest, lágmarksboð og skilmála. Forstjóri hefur heimild til að ákvarða um sölu eigna þar sem söluverð er undir 20 m.kr. í samræmi við almenna söluskilmála, en annars þarf stjórn að samþykkja sölu. Samkvæmt almennum söluskilmálum er þess krafist að greitt sé að lágmarki 10% kaupverðs við undirskrift, önnur 10% á árinu, en afgangur lánaður til allt að 20 ára gegn 1. veðrétti í hinni seldu eign.

11. Fundargögn stjórnar

11.1.

Forstjóri sér um undirbúning stjórnarfunda. Að jafnaði ráðgast formaður, varaformaður og forstjóri við um undirbúning stjórnarfunda.

Stjórnarmenn skulu fá dagskrá væntanlegs stjórnarfundar, ásamt grunnupplýsingum um hvert dagskrármál, svo og með greinargerðum og tillögum um afgreiðslu eftir því sem við á, með tölvupósti og einnig með póstsendingu að jafnaði ekki síðar en tveimur dögum fyrir fundartíma hverju sinni, eftir því sem við verður komið. Með innihald þessara sendinga skal fara sem trúnaðarmál eftir því sem efni standa til.

Æski stjórnarmaður fyllri gagna og upplýsinga fyrir stjórnarfund skal forstjóri gera viðeigandi ráðstafanir til að verða við óskinni.

Fundargerð skal senda stjórnarmönnum að loknum fundi án ónauðsynlegrar tafar. Veita skal stjórnarmönnum hverju sinni frest til athugasemda og lagfæringa á fundargerð um þriggja daga skeið eftir að ætla má að þeim hafi borist fundargerð.

Skýrsla nefndar um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar

FYLGISKJAL 4

Sérfræðiskýrsla Þrastar Sigurðssonar, ráðgjafa hjá Capacent.

Áhættumat í rekstri – mat á afskriftum og gjaldmiðlaáhættu



Byggðastofnun

Unnið fyrir iðnaðarráðuneytið og starfshóps um málefni
Byggðastofnunar

1. Inngangur

Inngangur

Verkefnið

- Í framhaldi af beiðni iðnaðarráðuneytisins og starfshóps á vegum iðnaðarráðherra um framtíðarfyrirkomulag á lánastarfsemi Byggðastofnunar hefur Capacent gert meðfylgjandi greiningu á afskriftarreikningum Byggðastofnunar, auk þess sem greind var gengisáhætta í rekstri stofnunarinnar.
- Gengið var frá samningi við iðnaðarráðuneytið þann 19. apríl sl. og í framhaldi af nauðsynlegum frágangi tilkynninga til FME um innherja hófst verkefnið í byrjun maí.
- Verkefnið var unnið með þeim hætti að starfsmenn Byggðastofnunar sendu ráðgjafa gögn sem tengdust málinu. Í framhaldi af því var fundað með forstjóra og forstöðumanni rekstrarsviðs stofnunarinnar.
- Á fundi með forstjóra og fjármálastjóra stofnunarinnar var farið yfir einstök fyrirtæki, þar sem raktar voru skýringar á ákvörðun stofnunarinnar um afskriftir og metið hvernig mál stæðu í hverju tilviki fyrir sig.
- Á fundi sem haldinn var með endurskoðanda félagsins, Árna Snæbjörnssyni, Ernst og Young, var afskriftarreikningur stofnunarinnar ræddur sem og viðhorf endurskoðanda félagsins til aðferða starfsmanna stofnunarinnar.

Verkefni Capacent

Verkefni Capacent skiptist í þrjá verkþætti:

Verkþáttur 1: Fyrirliggjandi gögn metin

Í þessum þætti verkefnisins var lögð áhersla á að þær færslur sem þegar hafa verið færðar á afskriftareikning verði metnar, auk þess sem aðferðafræði stofnunarinnar við mat á afskriftabörf væri yfirfarin. Þá skyldi leggja mat á þá gengisáhættu sem rekstur stofnunarinnar felur í sér.

Þessi verkþáttur var unnin með fyrrgreindum viðtölum og greiningu aðsendra gagna.

Verkþáttur 2: Fundir með forsvarsmönnum og endurskoðendum Byggðastofnunar

Ráðgjafi Capacent hélt fund með forstjóra og forstöðumanni rekstrarsviðs stofnunarinnar á Sauðárkróki, þar sem rætt var um stöðu einstakra lántaka og útistandandi kröfur. Auk þess var haldinn fundur með endurskoðanda félagsins, þar sem aðferðafræði við mat á afskriftum var rædd.

Verkþáttur 3: Niðurstöður og áhrif

Niðurstaðan er birt í meðfylgjandi yfirliti sem er sett fram í stuttum texta með skýringarmyndum og töflum, þar sem gerð er grein fyrir áhrifum niðurstöðunnar á mat á fjárhagslegri stöðu Byggðastofnunar.

Helstu niðurstöður

Afskriftarreikningur

- Fjórðungur útlánasafns Bygðastofnunar hefur verið færður á afskrifta-reikning. Í reglugerð fyrir Bygðastofnun er kveðið á um að meta skuli áhættu einstakra lána við lánveitingu og skal matið taka tillit til þess hvort líklegt sé að vaxtamunur endurspegli áhættuna eða ekki.
- Starfsmenn Bygðastofnunar yfirfara með stjórn framlög á afskrifta-reikning tvisvar á ári. Tillögur starfsmanna byggja á áhættuflokkun sem rædd hefur verið í stjórn en ekki staðfest.
- Nokkuð gott samræmi hefur reynst á milli áhættuflokkunar og vanskila. Þannig er hlutfallslega meira um vanskil á lánum sem flokkuð hafa verið sem áhættumikil lán en vegna annarra lána.
- Áhætta við lánveitingar endurspeglar ekki í mismunandi vaxtakjörum, heldur er henni mætt í 3% vaxtamun útlána. Til að mæta mismikilli áhættu í útlánunum er skv. reglum stofnunarinnar gert ráð fyrir því að hluti þeirra tapist, strax við ákvörðun um lánveitingu. Í þessu samhengi er athyglivert að skoða ógreiddar samþykktir Bygðastofnunar frá 10. maí sl. Þar kemur fram að upphæð ógreiddra samþykktu er um 697 m.kr. og þar er áætlað að afskrifa þurfi um 61,5 m.kr. eða um 8,9%.

Gengisáhætta

- Útlán Bygðastofnunar eru í verðtryggðum og óverðtryggðum íslenskum krónum (ISK), í japönskum jenum (YEN), bandaríkjadóllar (USD) og evrum (EUR). Svo sem sjá má á töflunni hér til hægri er stærstur hluti útlána-safnsins er í evrum sem og fjármögnunin.
- Að teknu tilliti til lánstíma og væntra afskrifta (framlaga í varasjóð) verður nokkurt misvægi í fjármögnun og lánveitingum eftir myntum. Þetta má sjá nánar í meðfylgjandi greiningu á rauntíma (e. duration).

Ábendingar

Afskriftarreikningur

- Mikilvægt er að stjórn Bygðastofnunar taki til umræðu og samþykktar reglur um framlög í varasjóð. Í dag er unnið eftir ósamþykktum tillögum að reglum.
- Færa má rök fyrir því að á síðustu árum hafi framlög í varasjóð verið umtalsvert umfram það sem nauðsynlegt var, þ.e. ef tekið er mið af endanlega afskrifuðum lánum.
- Fyrirsjáanleg kostnaðaraukning Bygðastofnunar s.s. vegna hækkunar ríkisábyrgðargjalda og aukinna afskrifta kallar á aukinn vaxtamun eða aðrar aðferðir við útlán, nema treysta megi á framlög úr ríkissjóði. Aukinni áhættu er að jafnaði mætt með hærri vöxtum. Hærri vextir leiða hins vegar til þess að rekstur lántaka verður erfiðari og áhætta eykst. Til að mæta þessu mætti t.d. skipta tekjustofnum í tvo hluta A og B. A hlutinn stæði fyrir vaxtamun hefðbundinna lán í samræmi við fjármögnunarþörf umsækjanda en B-hlutinn væri tekjustofn, sem fyrirtæki greiða ef afkoma rekstrar er umfram tiltekin mörk.

Gengisáhætta

- Almennan reglan um lánveitingar og lántökur Bygðastofnunar ætti að vera að viðskipti stofnunarinnar séu eingöngu í íslenskum krónum. Þó færa megi rök fyrir því að hagkvæmt geti verið fyrir einstaka lántakendur að fá lán í erlendri mynt og slíkt myndi takmarka áhættu hans, eykur það áhættu í starfsemi stofnunarinnar, ekki síst í þeim tilvikum þegar um vanskil er að ræða. Í þeim tilvikum að lán eru veitt í erlendum gjaldmiðli væri ekki óeðlilegt að leggja sérstakt áhættuálag til að mæta þessari áhættu.

	Lánveitingar án varasjóðs	Skipting lánveitinga	Lántökur	Mism. að frádrægnum varasjóði	Mismunur án varasjóðs-áhrifa	Skipting fjármögnunar
ISK	4.982.214	27,9%	4.593.352	-536.951	388.862	27,2%
DKK	0	0,0%	0	2.054	2.054	0,0%
EUR	6.179.919	34,6%	5.966.059	-1.356.340	213.860	35,3%
JPY	4.954.645	27,7%	4.757.795	-1.256.735	196.850	28,1%
USD	1.750.376	9,8%	1.598.103	-474.987	152.273	9,4%
Samtals	17.867.154		16.915.309	-3.622.959	953.899	

2. Afskriftarreikningur

Viðmið stofnunarinnar við framlög í varasjóð

- Svo sem fram kemur í reglugerð um Bygðastofnun er henni ætlað að taka tillit til þess í áætlunum sínum og rekstri að áhætta fylgir starfseminni.
- Í 3. mgr. 7. gr. segir að sundurliða eigi nauðsynleg framlög í afskriftareikning útlána vegna almennra lána og áhættulána.
- Í 15. grein segir að áhættuflokkar eigi öll lán við afgreiðslu.
- Þrátt fyrir að lánin séu flokkuð með þessum hætti í mismunandi áhættuflokkar eru lánveitingar til einstakra aðila með sömu lánskjörum, þ.e. lántakar fá lán með sömu vaxtakjörum óháð áhættustigi.
- Í minnisblaði forstjóra og forstöðumanns rekstrarsviðs til stjórnar varðandi *tillögur um breyting á vöxtum útlána*, ds. 21. janúar 2011 er aukinn rekstrar kostnaður stofnunarinnar rakinn. Þar kemur m.a. fram að Alþingi hefur skorið rekstrarframlag niður um 70,6 m.kr. (33,6%) frá fyrra ári,
- að fyrir liggur lagafrumvarp um hækkun á ríkisábyrgðargjaldi úr 0,25% í 0,45% og líklegar afleiðingar þess séu að þessi hækkun auki útgjöld um 27 m.kr.
- að álagt eftirlitsgjald FME hækki útgjöld um 2,1 m.kr.
- að óvissa sé hvert framlag til Umboðsmanns skuldara verði, þó víst sé að það verði eitthvað,
- að vaxtamunur hafi farið lækkandi.

Það er mat höfunda minnisblaðsins að auka þurfi tekjur um 100 m.kr. til að mæta þessari útgjaldaaukningu. Tillaga þeirra er að þetta verði gert með því að hækka vaxtaálag á erlendum lánnum úr 3,0% í 4,5% en lækka vexti á verðtryggð lán úr 7,0 í 6,9%. Þetta er rökstutt með því að milli-bankavextir í USD, EUR og YEN séu tiltölulega lágir.

Í 7. grein reglugerðar um Bygðastofnun er fjallað um *áhættanir*:

1. mgr.: Í upphafi hvers árs skal stjórn Bygðastofnunar láta gera áætlun um starfsemi stofnunarinnar á viðkomandi ári. Áætlun þessi skal vera í tveimur hlutum: Starfsáætlun og áætlun fyrir lánastarfsemi. Lánastarfsemin skal greiða þann kostnað í rekstri stofnunarinnar sem til hennar má rekja. Áættlanir skulu sendar iðnaðarráðherra til kynningar eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.
 3. mgr.: Í áætlun fyrir lánastarfsemi skal koma fram stefna um útlán ársins og rekstrar- og fjárhagsáætlun fyrir lánastarfsemina. Þar skal m.a. sundurliða nauðsynleg framlög í afskriftareikning útlána vegna almennra lána og áhættulána. Með áhættulánum er átt við lán með meiri áhættu en vaxtamunur þeirra getur greitt.
- Í 14. grein reglugerðar um Bygðastofnun segir í 1. mgr. að lánstími veittra lána skuli ekki vera lengri en 25 ár og í 15. grein segir að öll lán skuli áhættuflokka við afgreiðslu, m.a. miðað við rekstrarhorfur fyrirtækis, fjárhagsstöðu og tryggingar fyrir lánnum. Í 16. grein segir að ekki megi gefa eftir veitt lán. Frá þessu má þó gera undantekningar þegar sérstakar ástæður mæla með, svo sem þegar lán eru ekki með haldbærum tryggingum og það samræmist innheimtuhagsmunum stofnunarinnar. Leita skal umsagnar ríkisendurskoðanda áður en einstök lán eru gefin eftir.

Í gr. 6.7 í verklagsreglum um útlánastarfsemi, fjármála- og eignamsýslu Bygðastofnunar segir:

Við afgreiðslu láns skal flokka það með tilliti til áhættu. Við mat á áhættu skiptir aðallega máli hver er trygging láns, en einnig fjárhags- og rekstrarstaða skuldara. Áhættuflokkar eru 10, og myndar samtala áhættuflokka varasjóð eða afskriftarsjóð útlána, og skal hann endurspeglarauunverulega stöðu útlána á hverjum tíma. Fyrirtækjasvið sér um að áhættuflokkar lán eftir-ákveðnum forsendum og yfirfara reglulega.


Viðmið stofnunarinnar við framlög í varasjóð

- Á fundi ráðgjafa með starfsmönnum Byggðastofnunar voru lagðar fram *Tillögur um reglur á varasjóðs framlagi*. Í tillögunum er gert ráð fyrir að stöðum á landinu sé skipt upp í þrjá flokka eftir áhættumati, sem byggðist á staðsetningu lántaka eftir byggðarlögum. Í tillögum þessum eru einnig settar fram skilgreiningar á því hvernig flokkarnir eru notaðir auk annarra skilyrða sem notuð eru við áhættuflokkun lánasafnsins. Til einföldunar verða þessar tillögur hér eftir kallaðar áhættuflokkun BS.
- Á fundinum kom fram að starfsmenn hefðu lagt tillögurnar fyrir stjórnarfundni en þær hafi ekki fengist samþykktar. Engu að síður er stuðst við þær við áhættumatið.
- Sjá má skilgreiningarnar í töflunni hér til hægri.
- Á næstu síðu má sjá hvernig vanskil skiptast niður á einstaka flokka og hvort vanskil eru eldri en 12 mánuðir.

Skilgreining	1%	3%	5%	10%	15%	20%	30%	50%	70%	99%
Skilgreining										
Fyrirtæki á hlutabréttamarkaði										
Veðsetning er innan við 30% af verðmæti kvóta og báts										
Flármála stofnanir eða fyrirtæki sem eru a.m.k. 75% í eigu fjármálastofnana										
Félag hafa verið í skilum við stofnunina í a.m.k. 10 ár										
Veð í hlutabréfum í skráðum félögum á hlutabréttamarkaði sem eru innan við 75% af andvirði láns										
Sveitarfélög										
Félag með a.m.k. 5 milljarða í veltu á ári										
Veðsetning innan við 50% af virði kvóta og báts										
Veðsetning innan við 75% af mati fasteigna í Flokki 1										
Veðsetning innan við 75% af virðjarða á Suðurnesjum, Vesturlandi, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi auk fasteigna í Flokki 2										
Veðsetning innan við 30% af verðmæti fasteigna í Flokki 3										
Veðsetning á milli 31-50% af virði fasteigna á svæðum í Flokki 3										
Veðsetning er á milli 51-75% af mati fasteigna á stöðum í Flokki 3										
Veðsetning í vélum tækjum og hlutabréfum í óskráðum félögum innan við 40% af áætluðu verðmæti										
Veðsetning á fasteignum farln yfir 75% af mati fasteigna										
Kvóta lausir bátar þar sem veðsetning er innan við 50% af húfmæti										
Engin veð eða tryggingar en láni í skilum										
Engin veð og láni í vanskilum lengur en 1 ár										
Víðskiptavinir eru í gjaldþrotameðferð og vitað að ekkert fæst upp í lánin en ekki hægt að afskrifa þar sem gjaldþrotameðferð er ekki lokið										

Yfirlit yfir afskriftir og vanskil

- Á fundi með starfsmönnum Bygðastofnunar var yfirfarinn listi yfir þau félög sem standa að baki stærstu upphæðum á afskriftareikningi stofnunarinnar. Í nokkrum tilvikum er þar einnig um stærstu útlán stofnunarinnar að ræða.
- Afskriftir vegna þessara 20 félaga nema um 2,8 ma.kr., eða um 60% af afskriftareikningi í árslok 2010.
- Af endanlega afskrifuðum útlánnum Bygðastofnunar árið 2010 voru um 1,3 ma.kr. vegna fjármála fyrirtækja, um 410 m.kr. vegna tveggja fyrirtækja sem fóru í gjaldprot og aðrar afskriftir námu um 502 m.kr.
- Meðal 20 stærstu framlaga á afskriftareikning eru lán til fyrirtækja í rækjuútgæð, þar sem rekstrargrundvöllur brast þegar rækjan var tekin út úr kvóta. Áætlaðar afskriftir stofnunarinnar vegna þessara félaga er um 1,1 ma.kr.
- Vanskil útlána Bygðastofnunar hafa aukist frá árinu 2008, en ekki eins mikið og ætla hefði mátt vegna erfiðs efnahagsástands, sem líklega kemur til vegna skuldbreytinga lána. Vanskil í krónum eru álíka mikil og árið 2003.
- Vanskil í árslok 2010 námu um 966 m.kr. og þar af eru um 636 m.kr. „ný vanskil“, þ.e. vanskil sem eru tilkomin á árinu 2010. Eldri vanskil eru um 330 m.kr.
- Auk þess sem 966 m.kr. voru í vanskilum í árslok voru um 40 m.kr. í vaxtafrystingu.
- Bókfært verð um 25 fullnustueigna er um 844 m.kr. í mars 2011 og voru 12 þeirra í útleigu. Bókfært verð í hlutfalli við mánaðarleigu liggur á bilinu 57 og upp í 555 sem getur gefið vísbendingu um hvort bókfært verð eignar endurspeglar markaðsverð þeirra. Reynsla er fyrir því að slíkir margfaldarar liggja um 100, þó það sé vitanlega ekki algild regla.
- Ekki hefur verið lagt mat á virði eignarhluta í félögum, sem um áramótin síðustu voru metnir á um 951 m.kr.



	Vanskil í árslok		Breyting vanskila	
	2010	2009	2009	Breyting til 2010
	p.kr.	p.kr.		
2010	636.379			
2009	271.179	573.398		-302.219
2008	56.892	155.101		-98.209
2007	1.613	17.655		-16.042
2006	0	442		-442
2005	0	45		-45
Samtals	966.063	746.641		-416.957

Ný vanskil, gjaldfallið 2010 en ógreitt

Eldri vanskil

Samtals ógreitt 2010


636.379

329.684


966.063

Áhættuflokkun og vanskil

- Taflan hér til hægri sýnir vanskil eftir áhættuflokkun BS. Sjá má að um 3% útlána eru metin nánast örugg, áhættmatið er um 1%. Fyrir stærstan hluta lánasafnsins er áhættan metin 5% eða 10%.
- Myndin til vinstri hér að neðan sýnir að um 60% lánasafnsins hefur verið flokkað í áhættuflokkka allt að 10%.
- Á myndinni til hægri hér að neðan er sýnt hvernig vanskil skiptast á áhættuflokkana. Hæð súlanna sýnir hversu mikil vanskil eru á lánnum sem flokkuð hafa verið í tilgreinda áhættuflokka. Sá hluti súlnnar sem er blár sýnir „yngri vanskil“, þ.e. vanskil sem eru tilkomin á síðustu 12 mánuðum eða á árinu 2010. Grái hluti súlnnar sýnir „eldri vanskil“, þ.e. vanskil sem eru tilkomin fyrir en á síðasta ári. Gráa línan sýnir hlutfall vanskila í hverjum flokki og samkvæmt henni virðist nokkuð gott samræmi á milli áhættuflokkunar og vanskila, þ.e. hlutfall vanskila í einstökum flokkum hækkar í samræmi við mat starfsmanna um aukna áhættu.




Áhættuflokkun	Útlán alls	%	Vanskil	%	Vanskil <1ár	Eldri vanskil
1,0%	546.014	3,09%	207	0,04%	207	0
3,0%	1.172.916	6,63%	4.610	0,39%	4.610	0
5,0%	4.135.568	23,37%	45.328	1,10%	31.782	13.547
10,0%	4.987.966	28,18%	187.508	3,76%	68.079	119.429
15,0%	576.477	3,26%	19.585	3,40%	18.262	1.323
20,0%	1.383.360	7,82%	56.267	4,07%	21.873	34.394
30,0%	718.150	4,06%	54.450	7,58%	9.434	45.016
40,0%	125.546	0,71%	19.641	15,64%	7.078	12.563
50,0%	1.366.124	7,72%	165.142	12,09%	16.193	148.949
70,0%	434.951	2,46%	72.328	16,63%	8.975	63.353
90,0%	713.676	4,03%	63.741	8,93%	34.096	29.644
100,0%	1.537.288	8,69%	277.257	18,04%	59.527	217.730
Samtals 31.12.2010	17.693.035	100,00%	966.064	5,46%	280.117	685.947



Endanlegar afskriftir og framlag á afskriftareikning

- Á myndinni hér til hægri er annars vegar sýnd þróun afskriftareiknings Bygðastofnunar og hins vegar hvernig endanlegar afskriftir hafa þróast.
- Endanlegar afskriftir hafa verið á bilinu 0,5%-14,6% af heildarútlánum í árslok, svo sem sjá má í yfirliti sem endurskoðandi félagsins, Árni Snæbjörnsson, tók saman (sjá töfluna hér til hægri).
- Samkvæmt sama yfirliti hefur hlutfall útlána sem fært hefur verið á afskriftareikning verið á bilinu frá 7,92% til 25,61% af heildarútlánum í árslok.
- Eðlilegt er að framlag á afskriftareikning taki mið af því hversu mikið hefur verið endanlega afskrifað af útlánum í sögu hvers félags. Ef lítið er til þess að endanlegar afskriftir Bygðastofnunar hafa legið á bilinu 0,5%-14,6% á tímabilinu frá 1995-2010 en framlag á afskriftareikning hefur legið á bilinu frá 7,92%-25,61% má segja að nokkuð vel hafi verið í lagt.
- Um síðustu áramót nam afskriftareikningur Bygðastofnunar um fjórðungi lánasafnsins, en endanleg afskrift ársins nam um 14%. Færa má rök fyrir því að þrátt fyrir að efnahagslegt umhverfi fyrirtækja sé mun erfiðara nú en að jafnaði á ofangreindu tímabili sé óþarfi að leggja í varasjóð hærrí fjárhæð en nægir til að mæta endanlegum afskriftum. Til samanburðar má benda á að ef afskriftir 2010 hefðu miðað við að í afskriftarsjóði væri upphæð sem samsvaraði endanlegum afskriftum síðastliðinna þriggja ára hefði hún verið um 1.250 m.kr. lægri en raun varð á. Að viðbættu 1,0 ma.kr. framlagi ríkissjóðs hefði eiginfjárgrunnur stofnunarinnar þá staðist kröfur um 8% lágmarkseiginfjárgrunn. Hér verður að sjálfsgöðu að taka með í reikninginn að í eðlilegu árferði getur fortíð haft forspárgildi um framtíð en svo er ekki á óvissutímum eins og nú er.



Skoðun á þróun afskriftareiknings útlána og ýmissa tengdra hlutfalla

Fjárhæðir í þúsundum króna

Reikningsár	Heildarútlán í árslok	Framlag ársins	Hlutfall af útlánum	Endanleg afskrift	Hlutfall af útlánum	Afskriftareikningur	Hlutfall af útlánum
2010	17.738.325	2.550.472	14,4%	2.594.719	14,6%	4.542.154	25,61%
2009	22.045.033	3.528.872	16,0%	430.388	2,0%	4.632.422	21,01%
2008	21.115.379	1.237.412	5,9%	266.214	1,3%	1.767.115	8,37%
2007	10.048.675	338.400	3,4%	440.383	4,4%	795.918	7,92%
2006	10.150.751	327.331	3,2%	368.925	3,6%	897.901	8,85%
2005	9.678.649	310.065	3,2%	629.437	6,5%	939.496	9,71%
2004	11.370.237	384.387	3,4%	686.280	6,0%	1.210.616	10,65%
2003	13.670.601	444.315	3,3%	666.043	4,9%	1.512.509	11,06%
2002	12.998.342	590.058	4,5%	451.936	3,5%	1.644.237	12,65%
2001	12.889.527	509.566	4,0%	276.006	2,1%	1.502.391	11,66%
2000	10.666.572	590.343	5,5%	484.754	4,5%	1.267.666	11,88%
1999	8.599.463	263.077	3,1%	437.433	5,1%	1.151.393	13,39%
1998	7.532.471	148.835	1,8%	43.301	0,5%	1.216.389	16,15%
1997	7.488.639	185.211	2,5%	117.827	1,6%	1.312.077	17,52%
1996	7.141.662	373.841	5,2%	275.068	3,9%	1.174.074	16,44%
1995	191.273.896	11.804.323	8,343,965			26.890.140	
Meðaltal	11.954.618	737.770	6,2%	521.498	4,4%	1.680.634	14,06%

3. Gengisáhrif og lánstími

Fjárflæði næstu 5 ár – júní 2011-maí 2016

- Til að meta greiðslugetu lánasafns Bygðastofnunar til að standa undir skuldum hennar miðað við mismunandi forsendur höfum við núvirt fjárflæðið fyrir fimm ára tímabil.
- Við núvirðingu fjárflæðisins var miðað við verðtryggð ríkisskuldabréf en ávöxtunarkrafa þeirra liggur á bilinu 2,34%-3,14% eftir gjalddögum. Hér er miðað við 3,0%.
- Hafa verður í huga að það fjárflæði sem hér er unnið með er í þremur myntum og breytingar á gengi getur haft áhrif á vaxtafót. Í einstökum gjaldmiðlum, en lítið er fram hjá því við meðfylgjandi næmisgreiningar. Þær næmisgreiningar sem eru sýna áhrif gengisbreytinga og breytinga á áætluðum innheimtum.
- Capacent fékk mánaðarlegt fjárflæði, þ.e. afborganir og vexti vegna útlána og afborganir og vexti vegna tekinnu lána. Í framhaldi af því höfum við unnið næmisgreiningar sem sýna áhrif breytinga í endurheimtum, auk gengisbreytinga.
- Niðurstöðuna má túlka sem núvirði mánaðarlegra greiðslna, þ.e. fenginna greiðslna að frádragnum útgreiðslum vegna fjármögnunar (skulda). Jákvæð niðurstaða segir að virði væntra innborgana sé hærra en útgreiðslna.
- Töflurnar hér fyrir ofan sýna niðurstöður um núvirt nettó fjárflæði næstu 5 ára fyrir Bygðastofnun. Í hægri hluta töflunnar má sjá núvirðið eftir gjaldmiðlum miðað við fullar innheimtur útlána. Samkvæmt töflunni er núvirði greiðslna um 1,5 ma.kr.

Hækkun/lækkun núvirðis




Skilyrði	Óbreytt gengi	10% gengisfall
Áhættuflokkad safn	-571	-1.136
90.8.100% afskrifað	537	175
Fullar innheimtur	1.536	1.386

Gjaldmiðill	M.kr.
ISK	2.977
EUR	-548
USD	-350
JPY	-543
Samtals	1.536

- Í vinstri töflunni er niðurstöðunni stillt upp í þremur sviðsmyndum, fyrst miðað við áhættuflokkað safn skv. áhættuflokkun BS, síðan ef gefið er að allt sem flokkað hefur verið í 90% og 100% áhættuflokk er í raun afskrifað og neðsta línan sýnir svo niðurstöðuna miðað við fullar innheimtur.
- Í þriðja dálki vinstri töflunnar má sjá áhrif 10% gengisfellingar á núvirði 5 ára fjárflæðisins.


Útlán og fjármögnun – samræmi milli gjalddaga

- Mynd 1 sýnir annars vegar áætlaðar innborganir (afborganir og vexti) vegna veittra lána Bygðastofnunar fyrir tímabilið júní 2011-maí 2016 (dekkri línan) og hins vegar sýnir myndin áætlaðar greiðslur stofnunarinnar af teknum lánum. Samkvæmt myndinni eru innborganir að jafnaði hærrí en útgreiðslur, ef undan er skilin greiðsla í febrúar 2012, en þá er stór gjalddagi á evruláni.
- Mynd 2 sýnir hvaða áhrif það hefði á greiðslufæðið ef ekki næst að innheimta þau lán sem flokkuð eru í áhættuflokka 90% og 100% afskrifað.
- Mynd 3 sýnir hvaða áhrif það hefur á greiðslufæðið ef ekkert fæst upp í þau lán sem flokkuð eru í 90% og 100% áhættuflokka og gengi ISK gagnvart EUR, JPY og USD fellur um 10% á ári. Stofnunin myndi ekki ráða við greiðslur af lánum samkvæmt þessari mynd.





Útlán og fjármögnun – samræmi milli gjalddaga

- Myndirnar á þessari síðu sýna hvernig nettó fjárfleði þróast frá júní 2011 út maí 2016. Myndirnar sýna þróunina að gefnum mismunandi forsendum um innheimtur. Efsta línan sýnir fjárfleðið miðað við fullar innheimtur. Til samanburðar eru svo tvær línur sem sýna annars vegar fjárfleði miðað við að allt tapist í 90% og 100% áhættuflokkunum annars vegar og hins vegar miðað við að innheimtur verði í samræmi við áhættuflokkun stofnunarinnar.
- Mynd 1: Óbreytt gengi. Fjárfleði stofnunarinnar virðist ganga upp þrátt fyrir að afskrifa þyrfti allt í 90% og 100% áhættuflokkunum, þ.e. ef henni tekst að endurfjármagna evrulán á gjalddaga í febrúar 2012.
- Mynd 2: Gengi fellur um 10% á ári. Hér er gert ráð fyrir því að gengið falli um 10% á ári. Niðurstaðan er hin sama í mynd 1.
- Mynd 3: Gengið fast út árið 2013 og fram á mitt ár 2014 þegar það fellur um 25% og er óbreytt frá þeim tíma.



- Einstakir gjaldmiðlar hafa mismikil áhrif á þessa niðurstöður. Gengisfall gagnvart JPY væri stofnuninni óhagstæðari en breytingar í EUR og USD (sjá nánar á næstu síðu).



Rauntími lánasafns og skulda eftir myntum (e. duration)

- Fjármögnun og lánasafn Bygðastofnunar er í fjórum gjaldmiðlum, þ.e. í íslenskum krónum (verðtryggt og óverðtryggt), bandaríkjadólar, japönskum jenum og evrum. Á töflunni hér til hliðar má sjá hvernig rauntími (e. duration) eftirstöðva fjármögnunar annars vegar og útlána hins vegar stendur af sér. Í fyrsta dálki er lánstími í þeim næsta má sjá upphæðir útlána og í þeim þriðja er rauntími eftirstöðva að teknu tilliti til áhrifa afborgana til lækkunar vaxtagreiðsla. Á sama hátt er í fjórða og fimmta dálki metinn samsvarandi rauntími skulda Bygðastofnunar. Við mat á rauntíma útlána hefur ekki verið tekið tillit til framlags í varasjóð (afskrifta).
- Mat á áhættu í lánasafni Bygðastofnunar byggist á fjölmörgum þáttum. Þar sem lánasafnið er í mismunandi myntum hefur gengisþróun talsverð áhrif á áhættu safnsins.
- Að nokkru leyti má segja að úr áhættunni sé dregið fyrir stofnunina að útlán hennar séu í sömu myntum. Segja má að þetta gildi í þeim tilfellum þegar tekjur lántakenda eru í erlendum myntum, því það dregur úr gengisáhættu ef útgjöld og tekjur eru í sama gjaldmiðli. Á hinn bóginn dregur úr áhættudreifingu Bygðastofnunar í þeim tilvikum, þó útlán séu í sama gjaldmiðli og lántaka stofnunarinnar, ef rekstur lántaka verður fyrir skakaföllum ef gengi íslensku krónunnar veikist.
- Í töflunum hér til hliðar og að neðan má sjá að stærstur hluti útlána er í erlendum gjaldmiðli, þ.e. ríflega 72%, samsvarandi hlutfall er í erlendum gjaldmiðlum þegar litið er til fjármögnunar stofnunarinnar. Hins vegar er skiptingin á milli einstakra gjaldmiðla ójöfn. Þannig eru útlán í USD ríflega þrefalt meiri en fjármögnun í USD en þessu er öfugt farið í JPY. Sæmilegt jafnvægi er hins vegar á milli út og innlána í EUR og í ISK.
- Auk þess sem ójafnvægi er í útlánunum og fjármögnun eftir gjaldmiðlum er rauntími lánanna í ójafnvægi, t.d. er stærstur hluti lána í USD til um 16 ára en rauntími fjármögnunar er um 6,5 ár.

Óverðtryggt	Útlán, núvirði	Rauntími	Fjármögnun	Rauntími
0-1	56,0	0,20		
>1-5				
>5-10				
>10-20				
>20				

Verðtryggt	Útlán, núvirði	Rauntími	Fjármögnun	Rauntími
0-1	14,0	0,42	0	
>1-5	354,0	2,98	3.494	4,00
>5-10	815,0	8,00	0	
>10-20	3.464,0	15,31	0	
>20	196,0	22,57	1.084	23,38

USD	Útlán, núvirði	Rauntími	Fjármögnun	Rauntími
0-1	0,0	0,48	44	0,29
>1-5	81,0	3,72	0	0,00
>5-10	137,0	7,93	539	6,56
>10-20	1.571,0	15,93	0	0,00
>20	10,0	25,54	0	0,00

JPY	Útlán, núvirði	Rauntími	Fjármögnun	Rauntími
0-1	0,0	0,00	0	
>1-5	4,0	4,51	0	
>5-10	133,0	8,71	3.875	6,64
>10-20	4.503,0	16,46	2.288	12,82
>20	353,0	21,28		

EUR	Útlán, núvirði	Rauntími	Fjármögnun	Rauntími
0-1	103,0	0,10	1.887	0,93
>1-5	269,0	3,64		
>5-10	620,0	7,80		
>10-20	4.742,0	14,82	4.062	11,50
>20	353,0	21,94		

Gjaldmiðill	Útlán	%	Skuldir	%	Mismunur	%
EUR	6.087,0	34,2%	5.949,0	34,4%	-138,00	-2,3%
JPY	4.993,0	28,1%	6.163,0	35,7%	1.170,00	19,0%
USD	1.799,0	10,1%	583,0	3,4%	-1.216,00	-208,6%
ISK	4.899,0	27,6%	4.578,0	26,5%	-321,00	-7,0%
Samtals	17.778,0	100,0%	17.273,0	100,0%	-505,00	-2,9%

capacent

KEEP IMPROVING

Skýrsla nefndar um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar

FYLGISKJAL 5

Kynningarbréf nefndarinnar dags. 18. apríl 2011.

Reykjavík, 18. apríl 2011

Endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar

Í nóvember 2010 skipaði iðnaðarráðherra starfshóp til að fjalla um lánastarfsemi Byggðastofnunar, en þá var eigið fé stofnunarinnar komið undir lögbundið eiginfjárlutfall fjármálafyrirtækja. Í lok janúar 2011 lauk starfshópurinn við skýrslu um lánastarfsemina, en hana má finna má á vef iðnaðarráðuneytis: <http://www.idnadarraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/3037>.

Í samantekt skýrslunnar segir m.a. „Tækifæri kunna að felast í virkara samstarfi Byggðastofnunar og annarra fjármálafyrirtækja á landsbyggðinni.“ Auk þess er á það bent að ef lánastarfsemi Byggðastofnunar verði haldið áfram liggi beint við að þróa önnur fjármögnunartæki en útlán hjá stofnuninni og aðlaga starfsemina að aðstæðum í þjóðfélaginu.

Í framhaldi af niðurstöðum starfshópsins var skipuð nefnd til að endurmeta lánastarfsemi Byggðastofnunar, en í henni eiga sæti fulltrúar allra stjórn málaflokka á Alþingi. Nefndinni er ætlað að fara yfir lög og reglugerðir er varða lánastarfsemi Byggðastofnunar og meta hvort tilefni sé til að breyta þeim í ljósi þeirra sviptinga sem orðið hafa á fjármálamarkaði og í ljósi þess að eigið fé stofnunarinnar hefur ítrekað farið niður fyrir lögbundið lágmark um eiginfjárlutfall.

Með þessu bréfi vill nefnd um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar vekja athygli annarra fjármálafyrirtækja á vinnu nefndarinnar og þeim tækifærum sem vísað er til í skýrslunni.

Nefndin hvetur fjármálafyrirtæki til að kynna sér efni skýrslunnar og koma á framfæri ábendingum og athugasemdum sem nýst geti í starfi nefndarinnar. Óskað er eftir að athugasemdir berist iðnaðarráðuneytinu fyrir 5. maí nk.

*f. h. nefndar um endurskoðun
á lánastarfsemi Byggðastofnunar*

*Gunnar Svavarsson,
formaður nefndarinnar*

*Hjálmar Stefán Brynjólfsson,
starfsmaður nefndarinnar*

Skýrsla nefndar um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar

FYLGISKJAL 6

Listi yfir þau fjármálafyrirtæki sem fengu kynningarbréf nefndarinnar.

1. Landsbankinn
2. Íslandsbanki
3. Arion banki
4. MP banki
5. Byr
6. Bankasýsla ríkisins
7. Sparisjóður Bolungarvíkur
8. Sparisjóður Höfðhverfinga
9. Sparisjóður Norðfjarðar
10. Sparisjóður Ólafsfjarðar
11. Sparisjóður Strandamanna
12. Sparisjóður Suður-Þingeyinga
13. Sparisjóður Svarfdæla
14. Sparisjóður Vestmannaeyja
15. Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis
16. Lánasjóður sveitarfélaga ohf.
17. Saga Fjárfestingarbanki hf.
18. Nýsköpunarsjóður Atvinnulífsins
19. Frumtak

Skýrsla nefndar um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar

FYLGISKJAL 7

Svarbréf Arion banka.

Iðnaðarráðuneyti			
Málmnr.	IGN 10120028	Ábrn.	HSB
B lyk.	2.2.2	Aðri	
Mótt.	13.05.2011	Fskj.	
Aths.		Trúnm.	



Iðnaðarráðuneyti
b.t. Starfshóps nefndar um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar
Arnarhvoli
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. maí 2011

Efni: Framtíðarfyrirkomulag á lánastarfsemi Byggðastofnunar.

Með bréfi iðnaðarráðuneytisins, dagsettu 19. apríl sl., var Arion banka hf. (Arion banki) gefinn kostur á að koma að athugasemdum vegna skýrslu starfshóps á vegum ráðuneytisins. Í skýrslunni er fjallað um lánastarfsemi Byggðastofnunar. Var þess óskað að athugasemdir bærust ráðuneytinu fyrir 5. maí sl. Bankinn óskaði eftir fresti til að koma að athugasemdum sínum og var frestur veittur til 13. maí nk.

Í samantekt skýrslunnar segir meðal að eigi stofnunin að starfa í óbreyttri mynd þá megi áætla að ríkissjóður þurfi að leggja stofnuninni til verulegt fjármagn á næstu árum. Jafnframt eru vangaveltur uppi um hvort raunhæft sé að gera kröfur til Byggðastofnunar um varðveislu eigin fjár. Þá er hugmynd um hugsanleg tækifæri í virkara samstarfi stofnunarinnar við fjármálafyrirtæki á landsbyggðinni velt upp og þróun nýrra fjármögnunartækja.

Bankinn telur ljóst að Byggðastofnun er í samkeppni við aðrar lánastofnanir í landinu. Telur bankinn einsýnt að aðkoma ríkissjóðs að stofnuninni, þ.m.t. að fjármögnun hennar kunni að hafa í för með sér röskun á samkeppnisstöðu. Þá bendir bankinn á að samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 eru ríkar kröfur gerðar til fjármálafyrirtækja sem hafa heimild til útlána um lágmark eigin fjár. Telur bankinn hætt við að ólíkar kröfur til fjármálastofnana, í þessu tilviki Byggðastofnunar, um eigið fé geti haft í för með sér ójafnræði meðal fjármálafyrirtækja og geti þar með ýtt undir óheilbrigða samkeppni.

Varðandi hugsanleg tækifæri í virkara samstarfi Byggðastofnunar og fjármálafyrirtæki á landsbyggðinni telur bankinn slíkt samstarf vel geta komið til greina, a.m.k. í tilteknum tilvikum. Í skýrslunni er ekki að finna nánari útfærslur á þessari hugmynd og yrði því að meta samstarfið, umfang þess og tilhögun, þegar forsendur, eða hugmyndir að því lægju fyrir.

Virðingarfyllst,
f.h. Arion banka hf.

Jóhanna Kr. Birgisd.
Jóhanna Krístrún Birgisdóttir hdl.
Lögfræðiráðgjöf

Amnar Ragnarsson
Amnar Ragnarsson forstöðumaður
Þróunar- og markaðssvið

Skýrsla nefndar um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar

FYLGISKJAL 8

Greinargerð Sögu Fjárfestingarbanka.

Tillögur Saga Fjárfestingarbanka og Sambands Íslenskra sparisjóða um framtíð lánastarfsemi Byggðastofnunar

Skv. bréfi frá lðnaðarráðuneytinu dagsett 19.4.2011 er óskað eftir hugmyndum um framtíðarskipun lánamála Byggðastofnunar. Forráðamenn frá Saga Fjárfestingarbanka funduðu með ráðuneytisstjóra lðnaðarráðuneytis þann 13.5.2011 og gerðu honum grein fyrir mögulegu samstarfi við Sparisjóði á Íslandi í tengslum við þróun lánamála sem samrýmast byggðatengdum áherslum ríkisins. Samband íslenskra sparisjóða styður hugmyndirnar og hefur staðfest það með bréfi dags. 20.5.2011.

Nálgunin er tvíþætt: annarsvegar er verið að huga að uppbyggingu á sparisjóðakerfinu og nýju baklandi þess og hinsvegar að koma lánamálum Byggðastofnunar inn í umhverfi sem stutt er að staðbundinni þekkingu og reynslu af bankamálum. Eins og flestum er kunnugt um, þá eru sparisjóðirnir allir staðsettir á landsbyggðinni og markaðssetja sig á sömu svæðum og Byggðastofnun er ætlað að þjóna. Sparisjóðirnir verða á næstu misserum að byggja upp kjarna-starfstöð sem myndi þjónusta sparisjóðakerfið með t.d. greiðslumiðlun, lögfræðiþjónustu, lausafjárstýringu, áhættustýringu og þ.h.


Tillaga hópsins gerir ráð fyrir því að lánastarfsemi Byggðastofnunar verði hætt í núverandi mynd og samstarf við sparisjóði tekið upp með veitingu ábyrgða á lán sem falla að byggðaáherslum stjórnvalda á hverjum tíma. Eiginfjárstyrkir verði veittir af Nýsköpunarmiðstöð Íslands fremur en Byggðastofnun, enda hefur stöðin yfir að ráða sérþekkingu á sviði nýsköpunar og í vel stakk búin til að meta ágæti styrkumsókna.

Jafnframt verði unnið að því að fjölga fjármögnunarleiðum í samræmi við þarfir atvinnulífsins á hverjum tíma. Þörf er á því að útfæra lánastarfsemina til að mæta augljósum göllum á núverandi fyrirkomulagi eins og t.d. á rekstrarfé. Brúarlán, verkefnafjármögnun og þ.h. lán ættu að vera í boði.

Útfærsla

Fyrirtæki sækir um lán hjá útibúi sparisjóðsins í sínu nærumhverfi. Umsókn er metin skv. hefðbundnum reglum um útlánastarfsemi í lánanefnd og það kannað hvort umsóknin falli undir þær reglur sem Byggðastofnun hefur sett sér. Umsóknir sem falla undir reglur sem stjórn Byggðastofnunar hefur sett sér um lánveitingar verða teknar fyrir á sameiginlegum lánanefndarfundum sem samanstendur af fulltrúum Byggðastofnunar, sparisjóðanna og kjarna-stöð sparisjóðanna. Samþykkt lán fá ábyrgðir að ákveðinni prósentu sem samrýmist reglum sem aðilar koma sér saman um. Þetta gæti verið allt að 75% enda er hugmyndin að áhættan af lánveitingum deilist á milli ríkis og sparisjóða. Lánþegar greiða ábyrgðargjald fyrir veittar ábyrgðir á lánnum.

Ferill láns skv. nýju fyrirkomulagi



Kostir þess að lánastarfsemi Byggðastofnunar verði færð til sparisjóða:

- Verðlagning verður gagnsærri
- Dregur úr áhættu ríkis af lánastarfsemi
- Sparisjóðir koma lausafé í umferð
- Vaxtamunur sparisjóða batnar
- Atvinnulíf og nýsköpunarfyrirtæki fá nauðsynlegt aðgengi að lánsfé
- Tryggir áframhaldandi stuðning við dreifðar byggðir sem búa við markaðsbrest
- Tryggir sparisjóðum heilbrigða tilveru sem bakhjarlar í heimabyggð
- Eykur skilvirkni í lánastarfsemi á umráðasvæði Byggðastofnunar

Lánasafni Byggðastofnunar

Lánasafn Byggðastofnunar verði í framhaldinu sett í sérstakt félag sem sér um úrvinnslu. Sala á safninu ætti þó að skoða, en líklegt að afföll yrðu óeðlilega mikil við slíka sölu.

Önnur hlutverk Byggðastofnunar

Önnur hlutverk en lánamál skv. 2. gr. 1. kafla laga nr. 106 frá 1999 verða áfram í höndum Byggðastofnunar.

Sérstaða Byggðastofnunar

Lögboðið markmið Byggðastofnunar er að varðveita eigið fé þess að raungildi. Jafnframt er það verklag stofnunarinnar að veita lán á hagstæðari kjörum en viðskiptabankar, veita lán til lengri tíma, veita lengri fresti fram að fyrsta gjalddaga og vera þolinmóðari þegar kemur að innheimtu lána. Þessi sjónarmið eru ill-samrýmanleg og erfitt að sjá hvernig varðveisla á eigið fé á að nást öðruvísi en að færa lánastarfsemina nær fjármálafyrirtækjum sem tilbúin eru að deila ábyrgðinni á lánum.

26.5.2011

Þórleifur Stefán Björnsson
Jóhannes Geir Sigurgeirsson

Skýrsla nefndar um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar

FYLGISKJAL 9

Listi yfir gögn sem lögð voru fyrir nefndina

1. Skýrsla starfshóps um lánastarfsemi Byggðastofnunar frá 1. janúar 2011.
2. Skjöl er varða samskipti Byggðastofnunar og Fjármálaeftirlitsins vegna eiginfjárhlutfalls, sbr. 86. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
3. Fundargerðir Endurskoðunarnefndar Byggðastofnunar frá 2010 – 2011.
4. Skýrslur innri endurskoðanda Byggðastofnunar vegna árána 2009 og 2010.
5. Endurskoðunarskýrslur Byggðastofnunar vegna árána 2009 og 2010.
6. Umfjallanir um afskriftareikning útlána Byggðastofnunar í tengslum við uppgjör ársreikninga vegna árána 2009 og 2010.
7. Ársreikningar Byggðastofnunar 2009 og 2010.
8. Rekstrar- og starfsáætlun Byggðastofnunar fyrir árið 2011.
9. ICAAP skýrsla Byggðastofnunar frá 4. nóvember 2009.
10. Álit frá Landslögum dags. 5. mars 2009.
11. Bréf Ríkisendurskoðunar til Byggðastofnunar dags. 29. október 2009, 3. desember 2009 og 27. október 2010.
12. Ársreikningur Finnvera fyrir árið 2009.
13. Ársreikningur Vækstfonden fyrir árið 2009.
14. Samkomulag um úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja - „Beina brautin“.
15. Lög og reglugerð um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi.
16. Skýrsla vinnuhóps ráðuneytisstjóra um eftirfylgni stefnu Vísinda- og tækniráðs 2010 til 2012.
17. Áfangaskýrsla um þekkingarsetur á Íslandi.
18. Greinargerð frá 7. desember 2010 um endurmótun stoðkerfis atvinnulífsins, unnin af ráðgjafafyrirtækinu Stjórnháttum.
19. Skýrsla Ríkisendurskoðunar til Alþingis um stuðning við Atvinnu- og byggðaðróun frá því í desember 2010.
20. Þingskjal 1234 – 721. mál, lagt fyrir á Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010-2011 – frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 106/1999, um Byggðastofnun.
21. Ársreikningar þeirra félaga sem teljast til fjárfestingarfélaganna undir lið 11 í skýringum við ársreikning Byggðastofnunar 2010
22. Yfirlit yfir lánveitingar Byggðastofnunar fyrir árið 2010.
23. Yfirlit yfir ógreiddar samþykktir Byggðastofnunar fyrir árið 2011.
24. Tölfræðigögn vegna árána 2008-2010 þar sem lánveitingum Byggðastofnunar er skipt upp eftir atvinnugreinum, landshlutum og kjördæmum.
25. Samanburður á vaxtakjörum Byggðastofnunar, Landsbankans, Arion banka, Íslandsbanka, Byrs og MP banka.